ALMA MARÍA RÖGNVALDSDÓTTIR

*Hleypur að meðaltali um 60 kílómetra á viku*

• heilsa

ALLT í MIÐJU ALLTSINS






FJÖLNIR ÞORGEIRSSON

*Íslenski ísmaðurinn á Animal Planet*

Heill þáttur um hetjudáð kappans.

FÓLK 26





HEMMI GUNN OG LINDA PÉ

*Skemmtu sér konunglega í Borgarleikhúsinu*

Frábær frumsýning á Fjölskyldunni.

FÓLK 20





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. nóvember 2009 — 260. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**



**Ótrúleg þróun**

Fyrstu umferðarljósin tekin í notkun á Íslandi fyrir 60 árum.

TÍMAMÓT 16

**Hinir ókosnu**

„Helsti efnahagslegi ávinningur Íslands af starfsemi stóriðjuvera í eigu erlendra aðila eru þeir skattar sem þeir greiða“, skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 14

**Bíódagar í Köben**

Tvær íslenskar myndir verða sýndar á hátíðinni, Brúðguminn og Nói albinói.

TÍMAMÓT 17





**Starf Pellegrini í húfi**

Real Madrid sækir AC Milan heim í kvöld er Meistaradeildin í heldur áfram.

ÍÞRÓTTIR 2

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Léttir til suðvestanlands**

Í dag verða norðaustan 5-10 m/s. Slydda eða rigning norðan- og austanlands, en bjart með köflum suðvestan til. Dálítil væta suðaustan til síðdegis. Hiti 0-6 stig.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 106% meiri lestur en Morgunblaðið




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.


# Tóku út upplýsingar um skuldir Actavis

**Skýrsla sendinefndar AGS um fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands átti að koma út í gær en var skyndilega frestað án skýringa. Málið strandaði á viðkvæmum upplýsingum um skuldbindingar lyfjafyrirtækisins Actavis.**

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands bað um frestun útgáfu skýrslu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda.

Til stóð að birta skýrsluna um miðjan dag í gær, en árdegis kom tilkynning frá AGS um að útgáfu hefði verið frestað. Engar skýringar fylgdu eða ný tímasetning útgáfu. Heimildir blaðsins í höfuðstöðvum AGS í Washington herma að beiðni um frestun útgáfunnar hafi komið frá Íslandi og að skýrslan verði birt jafnskjótt og stjórnvöld hér gefi grænt ljós á útgáfuna.

Í Seðlabanka Íslands fengust þær upplýsingar að þar á bæ hafi starfsmenn við yfirferð á málinu komist að því að skoða þyrfti betur tilteknar afmarkaðar upplýsingar sem komið hafi fram í skýrslunni. Seðlabankinn hafi því farið fram á það við AGS að útgáfu skýrslunnar yrði frestað.

Samkvæmt heimildum blaðsins voru upphaflega í skýrslunni upplýsingar um erlendar skuldbindingar samheitalyfjarisans Actavis og gjalddagar á lánum fyrirtækisins á næstunni. Birting slíkra upplýsinga stangast á við íslensk lög og voru þær fjarlægðar. Actavis skuldaði rúma 3,9 milljarða evra, jafnvirði sjö hundruð milljarða króna, í lok síðasta árs, samkvæmt ársreikningi. Lánin öll eru í skilum, samkvæmt upplýsingum frá Actavis.

Skoðun Seðlabankans lauk í gær og boðum var komið til AGS um að gefa mætti út skýrsluna.

Samkvæmt upplýsingum sem blaðið hefur aflað sér er ekki óalgengt að stjórnvöld ríkja biðji um frestun á útgáfu skýrslna AGS, en á frestun sé ekki fallist nema að svigrúm þurfi til að leiðrétta staðreyndavillur, eða gæta að því að ekki verði birt viðkvæm gögn sem skaðað geti markaði.

- óká / jab



**RÆTT VIÐ ALMENNING** Félagsmálaráðherra mætti kjósendum á opnum fundi í Iðnó í gær. Til umræðu voru meðal annars úrræði hans til handa húsnæðisskuldurum, sem eru ófullnægjandi úrræði að mati Hagsmunasamtaka heimilanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fullt út úr dyrum á borgarafundi Hagsmunasamtaka heimilanna í gærkvöldi:

# Ósætti um greiðslujöfnunina

**EFNAHAGSMÁL** Fullt var út úr dyrum á borgarafundi Hagsmunasamtaka heimilanna í Iðnó í gær. Yfirskrift fundarins var: Aðgerðir stjórnvalda – bjargráð eða bjarnargreiði?

Meðal ræðumanna var Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra, sem síðustu vikur hefur kynnt greiðslujöfnunarleiðir, sem miða að því að lækka greiðslubyrði heimila, sem skulda vegna íbúðarhúsnæðis. Árni sagði meðal annars að með aðgerðunum væri áhætta af frekara gengisfalli krónu sett yfir á fjármagnsstofnanir en tekin af lánþegum. Ekki var að heyra að félagar í Hagsmunasamtökunum tækju máli hans vel, en þeir hafa gagnrýnt greiðslujöfnunina mikið.

„Ég get ekki sagt að Árni Páll hafi bætt neinu við það sem áður hafði komið fram,“ segir Þórður B. Sigurðsson, formaður Hagsmunasamtakanna.

Þau halda því fram að sett hafi verið lög sem „staðfesta eignaupptöku fjármálastofnana í helsta sparnaðarformi landsmanna, heimilum þeirra“.

Samtökin hafa boðað til „greiðsluverkfalls“ um miðjan mánuðinn.

- kóp






Viðhorf til geðsjúkra:

## Ísland meðal fimm fordómaminnstu þjóða

**SAMFÉLAGSMÁL** Hér á landi eru umtalsverðir fordómar gagnvart þeim sem stríða við geðræn vandamál. Þó eru Íslendingar meðal fimm fordómaminnstu þjóðanna sem þátt tóku í stórri alþjóðlegri könnun um það efni. Mestu fordómana er að finna í Bangladesh og á Kýpur en Þjóðverjar eru meðal þeirra sem minnsta fordóma hafa þegar á heildina er litið.

Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar í dag á ráðstefnu í Háskóla Íslands sem Hugarafl stendur að ásamt fleirum. Þær byggjast á viðtölum við fólk í 15 þjóðlöndum, þar á meðal 1.000 Íslendinga.

- gun / sjá allt í miðju blaðsins

Katrín Hall kölluð til LA:

## Samdi sporin fyrir Shakiru

**FÓLK „Það var mjög skemmtilegt að fá að dýfa litlu tánni í þennan ótrúlega iðnað í Hollywood,“ segir Katrín Hall, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins. Katrín samdi dansinn í nýjasta tónlistarmyndbandi poppstjörnunnar Shakiru. Myndbandið var frumsýnt í þýska sjónvarpsþættinum Neu síðasta föstudag.**



KATRÍN HALL

**Shakira vildi sjálf fá Katrínu í verkefnið, en hún var hrifin af dansinum í stuttmyndinni Burst eftir Katrínu og Reyni Lyngdal. Katrín ber Shakiru söguna vel og segir hana vera mjög metnaðarfulla. „Hún er fagmanneskja fram í fingurgóma og veit hvað hún vill.“**

**-afb / sjá síðu 26**




SPURNING DAGSINS



*Matthías, orka þessir drykkir tvímælis?*

„Tvímælalaust.“

Dæmi eru um að fólk hafi þurft að leita læknisaðstoðar eftir að hafa neytt orkudrykkja. Matthías Halldórsson er starfandi landlæknir.

Verklagsreglur banka og fréttir um hugsanlegar afskriftir Nýja Kaupþings á skuldum Haga ræddar á Alþingi:

# Heimilin fái greiðsluplan en fyrirtækin afskrifað

**EFNAHAGSMÁL** Þingmenn spurðu ráðherra um verklagsreglur bankanna og um traust á bankakerfinu í gær, í kjölfar frétta af hugsanlegum milljarða afskriftum Nýja Kaupþings á skuldum 1998, sem á Haga, sem á meðal annars Bónus. Því var haldið fram að bankar færu mýkri höndum um fyrirtæki en einstaklinga.

„Þegar íslenskur almenningur þarf að leggja sig allan fram um að standa undir skuldabyrðinni og stendur ekki annað til boða en að fá nýtt greiðsluplan, berast fregnir af miklum afskriftum og það er ólík meðferð í kerfinu,“ sagði Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks. Ferlið ætti að vera gagnsætt, ekki bara hjá heimilum heldur hjá fyrirtækjum líka.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra svaraði með því að nú sæi fyrir endann á því að nýtt bankakerfi væri mótað. Ný bankasýsla ætti að fylgjast með því að eigendastefna ríkisins næði fram að ganga.



BJARNI BENEDIKTSSON

LILJA MÓSESDÓTTIR

Þá minnti Bjarni á að heilt ár væri síðan ljóst var að það þyrfti að taka þessi mál traustum tökum.

„Ef bankakerfið getur þetta ekki verðum við að grípa inn í,“ sagði hann. Steingrímur sagðist þá gera ráð fyrir að Bjarni færi ekki fram á pólitíska íhlutun í einstök mál.

Málflutningur Lilju Mósesdóttur, þingmanns VG, var á svipuðum nótum. Reglur í Nýja Kaupþingi, um áframhaldandi þátttöku eigenda og stjórnenda, eftir endurskipulagningu skulda, byggi á því að þeir njóti trausts.

„Þessar reglur virðast ekki koma í veg fyrir það að einn helsti forystumaður útrásarinnar haldi skuldsettu fyrirtæki sínu að lokinni endurskipulagningu,“ sagði hún og spurði hvort eigendur og stjórnendur ættu ekki að bera ábyrgð á gjörðum sínum.

Þingmaður Framsóknar, Eygló Harðardóttir, hefur farið fram á fund í viðskiptanefnd Alþingis vegna málsins. **- kóþ**

Svínaflensa á Landspítala:

## Sjúklingum fækkar heldur

**HEILBRIGÐISMÁL Sjúklingum með svínaflensu hafði heldur fækkað á Landspítalanum í gær, miðað við dagana á undan. Inniliggjandi voru þrjátíu og níu manns. Af þeim voru tíu á gjörgæslu. Einn hafði verið útskrifaður og einn verið lagður inn.**

**„Það virðist ekki vera eins mikill hraði í þessu og áður,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir.**

**Engar tölur höfðu borist af landsbyggðinni í gær, að hans sögn.**

**Vonir standa til að hægt sé að hefja bólusetningu gegn svínaflensu hjá almenningi fyrr en áætlað var, eða í síðari hluta mánaðarins.** **- jss**

Orkuveita Reykjavíkur:

## Skuldabréfaútboð gengur vel

**VIÐSKIPTI** Skuldabréfaútboð Orkuveitu Reykjavíkur gengur eftir áætlun, en ætlunin er að selja bréf fyrir 10 milljarða króna. Útboðið fer fram innanlands í umsjón Landsbankans.



GUÐLAUGUR G. SVERRISSON

Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir útboðið ekki síst hugsað til að styrkja lánasafn fyrirtækisins. Þar sé lítið að finna af innlendum lánum og gott sé að bæta safnið. Féð á að nota í fráveituframkvæmdir. „Þetta gengur ágætlega og er allt eftir áætlun síðast þegar ég frétti af þessu,“ segir Guðlaugur. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur Evrópski fjárfestingarbankinn samþykkt að lána fyrirtækinu 30 milljarða króna. **- kóp**

# Glitnir braut lög með því að skuldsetja börn

**Yngsta barnið sem Glitnir lánaði til að kaupa stofnfjárbréf í Byr var eins árs. Ótvírætt lögbrot að lána án leyfis sýslumanns segir deildarstjóri hjá sýslumanni. Formaður viðskiptanefndar vill láta skoða hvort sækja megi bankann til saka.**

**VIÐSKIPTI** Lán Glitnis til barna fyrir kaupum á stofnfjárhlutum í Byr eru lögbrot, segir deildarstjóri sifja- og skiptadeildar hjá sýslumanninum í Reykjavík. Hún segist aldrei hafa kynnst máli af þessu tagi áður.

Tíu börn, hið yngsta eins árs, fengu lán af þessu tagi árið 2007. Flest eru þau börn stofnfjáreigenda í Byr. Lánin námu frá tveimur og upp í 24 milljónir.

Áður en ólögráða barni eða manni er veitt lán af þessu tagi þarf samþykki frá yfirlögráðanda, í þessu tilviki sýslumanninum í Reykjavík. Slíkt samþykki fékkst ekki fyrir þessum lánum en þau voru engu síður veitt.

Eyrún Guðmundsdóttir, deildarstjóri sifja- og skiptadeildar hjá sýslumanni, segir að með því hafi Glitnir framið ótvírætt lögbrot. Ákveðið hafi verið að hafna beiðnunum um lánin „af því að þetta fól í sér áhættu fyrir börnin sem við töldum ekki forsvaranlegt að fara út í“, segir Eyrún.

Foreldrar sumra barnanna sögðu í viðtali við DV í gær að lánin hefðu þvert á móti ekki falið í sér neina áhættu, enda hefðu þau aðeins haft veð í stofnfjárbréfunum sjálfum. Eyrún er ósammála foreldrunum. „Það var ekki okkar mat, en það getur verið að fólk sjái þetta mismunandi augum.“

Eyrún segir að mál sem þetta hafi aldrei komið upp hjá þeim áður. Þau fái af og til beiðnir um samþykki fyrir lánum til handa ólögráða einstaklingum, en þá sé yfirleitt um að ræða stálpaða unglinga. „Við höfum samþykkt einhver erindi um það að krakkar sem eru að nálgast lögræðisaldur fái lán til að kaupa fasteign,“ segir Eyrún. Aldrei áður hafi beiðnir borist um lánveitingar af þessu tagi til kornungra barna.




**GLITNIR** Ekki á að innheimta lánin hjá börnunum og því lendir tapið á bankanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Mér finnst sjálfsagt að kanna hvort hægt sé að sækja mál á hendur bankanum vegna þessa.
>
> **LILJA MÓSESDÓTTIR**
> FORMAÐUR VIÐSKIPTANEFNDAR ALÞINGIS

Lilja Mósesdóttir, formaður viðskiptanefndar Alþingis, segir að rétt væri að kanna réttarstöðu barnanna vegna málsins í ljósi þess að um ólögmætar lánveitingar var að ræða.

„Það vaknaði spurning hjá mér hvort það væri ekki eðlilegt að umboðsmaður barna gætti hagsmuna barnanna og skoðaði réttarstöðu þeirra í þessu máli, ekki bara gagnvart foreldrunum, heldur ekki síst gagnvart lánastofnuninni,“ segir Lilja. „Mér finnst sjálfsagt að kanna hvort hægt sé að sækja mál á hendur bankanum vegna þessa.“

Ekki náðist í umboðsmann barna.

Bankastjóri Íslandsbanka hefur lýst því yfir að um mistök hafi verið að ræða og að lánin ólöglegu verði ekki innheimt. **stigur@frettabladid.is**



**BAKKAVARARBRÆÐUR** Þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir stofnuðu Bakkavör fyrir rúmum tuttugu árum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bakkavör stærsta fyrirtækið:

## NBI stærsti bankinn

**FYRIRTÆKI Bakkavör trónir á toppnum yfir stærstu fyrirtæki landsins, með rúmlega 257 milljarða króna veltu í fyrra, á lista tímaritsins Frjálsrar verslunar yfir þrjú hundruð stærstu íslensku fyrirtækin. Nokkur umskipti hafa orðið á listanum frá í fyrra eftir hrunið. Bakkavör var áður í fjórða sæti.**

**Í öðru sæti er samheitalyfjarisinn Actavis með 188,5 milljarða króna veltu á síðasta ári.**

**Samkvæmt mati tímaritsins nemur verðmæti NBI (Landsbankans), sem er í þriðja sæti, 180 milljörðum króna. Það er áttatíu milljörðum meiri velta hjá Íslandsbanka og Nýja Kaupþingi.** **- jab**

Eftirspurn eftir olíu eykst:

## Verðið hækkar

**VIÐSKIPTI** Heimsmarkaðsverð á hráolíu hækkaði um 1,6 prósent í gær og fór í 78 dali á tunnu á bandarískum fjármálamörkuðum. Verðið fór hæst í 82 dali á tunnu í október.

Hækkunin skýrist bæði af jákvæðum tíðindum af bandarísku efnahagslífi og veikingu bandaríkjadals gagnvart evru. Bandaríska stórblaðið Wall Street Journal bætir því við að eftirspurn hafi aukist mjög eftir eldsneyti og olíu í Kína og hífi það verðið upp á heimsmörkuðum. **- jab**





LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984


Íslendingur á sextugsaldri situr inni í Argentínu eftir kókaínsmygl:

# Ráðuneyti ræddi við lögmanninn

**LÖGREGLUMÁL** Utanríkisráðuneytið hafði í gær samband við lögmann íslensks karlmanns á sextugsaldri sem situr í fangelsi í Buenos Aires í Argentínu. Samkvæmt upplýsingum lögmanns hans eru aðstæður í fangelsinu þokkalegar. Ráðuneytið mun fylgjast með framvindu málsins.

Maðurinn sem um ræðir var tekinn með fimm kíló af kókaíni á flugvellinum í Buenos Aires. Hann er fyrrverandi lögreglumaður og starfaði bæði í lögreglunni í Reykjavík og á landsbyggðinni. Ástæðan fyrir því að hann hætti störfum hjá lögreglu var andleg vanheilsa hans, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Maðurinn hefur verið búsettur á Spáni um skeið. Hann var á leiðinni þangað frá Argentínu þegar hann var handtekinn á Ezeiza-flugvellinum í Buenos Aires um miðjan október. Hann hafði framvísað íslensku vegabréfi við brottför, en var handtekinn áður en hann komst úr landi með fíkniefnin. **- jss**



**BUENOS AIRES** Maðurinn situr nú fangelsi í Buenos Aires.
AFP PHOTO/ALI BURAFI

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Þú getur lækkað höfuðstólinn á bílaláninu



## Við færum höfuðstól erlendra bílalána og bílasamninga niður um 23% að meðaltali

**Nú geta viðskiptavinir Íslandsbanka gert skilmálabreytingu á bílalánum og bílasamningum sem lækkar höfuðstól og getur létt greiðslubyrði.**

### Hvað er höfuðstólslækkun?
Höfuðstóll erlendra bílalána og bílasamninga er lækkaður m.v. ákveðið gengi. Láninu er svo breytt í íslenskar krónur með breytilega óverðtryggða vexti.

### Hve mikil er lækkunin?
Miðað við gengi 20. október 2009 er lækkun erlendra lána að meðaltali um 23%. Lækkun höfuðstólsins er breytileg eftir myntum. Höfuðstóll verðtryggðra lána lækkar u.þ.b. um 5%, miðað við eftirstöðvar í október 2009.

### Hvernig breytist greiðslubyrðin?
Greiðslubyrðin getur hækkað þar sem lánið verður í íslenskum krónum með breytilega óverðtryggða vexti. Til þess að lækka greiðslubyrðina má lengja lánstímann um ¾ af þeim tíma sem eftir er en þó aldrei meira en 36 mánuði.

### Hve lengi er hægt að sækja um höfuðstólslækkun?
Til og með 18. desember 2009.

### Hverjir geta nýtt sér höfuðstólslækkun?
Þeir einstaklingar sem tóku erlent/verðtryggt bílalán eða bílasamning fyrir 15. október 2008 og eru með lánið í skilum.

### Hver verða vaxtakjör eftir höfuðstólslækkun?
Vextir skv. gjaldskrá Íslandsbanka Fjármögnunar eru nú 13,1%. Veittur verður afsláttur af þeim fyrsta árið, sem nemur 2,6 prósentustigum. Miðað við óbreytt vaxtastig þá verða vextir 10,5% fyrsta árið.

### Dæmi um höfuðstólslækkun
Á myndum A og B er sýnt raunverulegt dæmi um bílasamning sem gerður var um mitt ár 2007 til 84 mánaða. Upprunaleg myntsamsetning var 50% JPY og 50% CHF. Eftir eru 65 mánaðarlegar greiðslur sem yrðu 101 með hámarkslengingu lánstímans.

### Hentar þessi lausn öllum?
Nei, hver og einn þarf að vega og meta kosti og ókosti þess að breyta láni sínu. Þessi lausn hentar sumum betur en öðrum og hugsanlega henta aðrar lausnir betur, t.d. greiðslujöfnun ríkisins.

### Skoðaðu lánið þitt
Á heimasíðu okkar er að finna nánari upplýsingar og ítarlegri svör við spurningum sem gætu vaknað. Nú getur þú, með innskráningu kennitölu og lykilorðs, skoðað hvernig lánið þitt myndi breytast við ólíkar leiðir. Þar getur þú einnig sótt um breytingar á láninu þínu. Lykilorðið þitt hefur verið sent í netbankann þinn.

**Kynntu þér málið á islandsbanki.is/fjarmognun eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400**







fjarmognun@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarmognun
Sími 440 4400

Íslandsbanki

## GENGIÐ 02.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,98 | 125,58 |
| Sterlingspund | 204,86 | 205,86 |
| Evra | 184,49 | 185,53 |
| Dönsk króna | 24,786 | 24,932 |
| Norsk króna | 21,902 | 22,03 |
| Sænsk króna | 17,738 | 17,842 |
| Japanskt jen | 1,385 | 1,3932 |
| SDR | 198,55 | 199,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**237,7281**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umtalsvert eftirlit heilbrigðisráðuneytisins með Landspítalanum dugir ekki til:

# Eftirlit með rekstrinum verður aukið

**STJÓRNSÝSLA** Heilbrigðisráðuneytið ætlar að auka og breyta eftirliti sínu með rekstri Landspítalans og styrkja þannig eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Þetta segir Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins.

Ríkisendurskoðun gerði á dögunum athugasemdir við eftirlit ráðuneytisins með rekstri spítalans. Metur stofnunin það svo að aðhald og eftirlit með rekstri spítalans sé veikt.

Berglind segir að við lok fyrsta ársfjórðungs hafi rekstrarhallinn verið orðinn þrjú prósent. Kváðust þá stjórnendur myndu grípa til hagræðingaraðgerða og báru þær nokkurn árangur. Vænti ráðuneytið þess að hallinn myndi minnka frekar í framhaldinu en annað kom á daginn og stefnir hallinn í að verða þrjú prósent. Það gera 1,2 milljarða króna.



**LANDSPÍTALINN** Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við eftirlit með rekstri spítalans.

Berglind segir ráðuneytið hafa allt þetta ár átt reglulega fundi með forráðamönnum spítalans. Á sumarmánuðum hafi ráðuneytið bent á að launakostnaður væri að aukast í stað þess að lækka. Sendar voru út leiðbeiningar um hvernig unnt væri að lækka kostnað með breyttu skipulagi og eins um skipulag þjónustu svo hún skertist sem minnst vegna samdráttar í fjárframlögum.

Þegar ljóst hafi verið síðsumars að reksturinn stefndi í verulegan halla hafi verið gripið til umfangsmikilla hagræðingaraðgerða. **- bþs**

Dani fyrir rétti í Kambódíu:

# Sakaður um að misnota börn

**DANMÖRK Dani er fyrir rétti í Kambódíu sakaður um að misnota þrjár stúlkur, allar undir 15 ára aldri. Þá er móðir einnar stúlkunnar sökuð um að selja barn sitt í vændi. Brotin áttu sér stað í bænum Poipet, nærri landamærunum við Taíland, en þar mun maðurinn hafa verið á ferðalagi.**

**Haft er eftir lögreglu að maðurinn hafi játað brot sín og stúlkurnar jafnframt lýst aðstæðum. Hann á yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsi. Árið 2003 voru lög um barnaníð hert í Kambódíu til að reka af landinu þann stimpil að vera griðastaður barnaníðinga.** **- óká**

Þingforseti í Zagreb og Brussel:

# Ræðir um ESB við starfsbræður

**ALÞINGI Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, er nú í opinberri heimsókn í Króatíu í boði forseta króatíska þingsins. Bæði ríki hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu og eru þau mál tilefni heimsóknar Ástu og efni tilheyrandi fundahalda.**



**ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR**

**Á morgun heldur Ásta til Brussel og hittir þar forseta Evrópuþingsins auk annarra. Aðildarumsókn Íslands verður dagskrárefni funda.**

**Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, er í föruneyti Ástu og Ragnheiður Elín Árnadóttir slæst í för í Brussel.** **- bþs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Leki í Firðinum

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út um áttaleytið í gærmorgun vegna vatnsleka í verslunarmiðstöðinni Firðinum í Hafnarfirði. Dæla í kjallara hússins hafði bilað og lak talsvert af vatni inn í kjallarann. Dælubíll slökkviliðsins var enn á staðnum á ellefta tímanum.

## LEIÐRÉTT

Rangt var farið með nafn þess sem var á mynd með Auðuni Blöndal og Sverri Sverrissyni við sæðingu á kú í blaði gærdagsins. Hann heitir Gunnar Þorgeirsson.

Tólf manns létust þegar bandarísk flugvél fórst á Langahrygg á Reykjanesi árið 1941, en ekki ellefu eins og ranglega var sagt í Fréttablaðinu í gær.

# Starfsemin á Íslandi er hluti af fjármögnun fyrirtækjanna

**Danaher Corporation, bandarískt stórfyrirtæki, rekur að minnsta kosti þrjú dótturfélög á Íslandi með um 120 milljarða hlutafé. Auk Fluke greiðir eitt dótturfélaganna hundrað milljónir í skatta hérlendis á árinu.**

**VIÐSKIPTI** Fluke Finance, sem greiddi 528 milljónir króna í skatt á Íslandi vegna hagnaðar síns á árinu 2008, er eitt að minnsta kosti þriggja félaga sem skráð eru til heimilis á skrifstofum Deloitte hér á landi og tengjast bandarísku fyrirtækjasamsteypunni Danaher Corporation.

Auk þeirra 528 milljóna sem Fluke Finance greiðir í skatta hér á landi mun annað dótturfélag Danaher, Danaher Iceland Finance Company ehf., greiða um 100 milljónir króna í skatta hér á landi í ár vegna hagnaðar síðasta árs. Ekki liggja fyrir upplýsingar um afkomu þriðja félagsins, sem er með um 50 milljarða króna í skráð hlutafé.

Tveir menn, Frank t. McFaden og James H. Ditkoff eru skráðir stjórnar- og varastjórnarmenn allra þriggja félaganna. McFaden hefur verið stjórnandi á fjármálasviði Danaher Corporation en Ditkoff er einn æðsti stjórnandi samsteypunnar; aðstoðarforstjóri á sviði fjármála og skatta.

Danaher Iceland Finance, sem var stofnað árið 2005, hélt aðalfund sinn hér 13. október síðastliðinn og skilaði ársreikningi fyrir 2008 í síðasta mánuði. Það hefur 500.000 krónur íslenskar í skráð hlutafé en í ársreikningnum kemur fram að félagið áætlar að greiða hér um 874.000 bandaríkjadali, eða rúmar 100 milljónir króna, í skatt á þessu ári vegna starfsemi síðasta árs.

Hagnaðurinn eftir skatta er rúmar 280 milljónir króna, eða um 2,2 milljónir dala. Á árinu 2007 var hagnaðurinn 2,7 milljónir dala en þá greiddi fyrirtækið ekki skatta. Reikningurinn ber með sér að langstærsta eign félagsins er lán til fyrirtækisins Kollmorgen Asia Investment að upphæð 1.159 þúsund milljónir bandaríkjadala, eða um 144 milljarðar íslenskra króna. Kollmorgen er eitt af útibúum Danaher-samsteypunnar. Vaxtatekjur af þessu láni námu tæpum 86 milljónum bandaríkjadala, eða tæpum 11 milljörðum króna, á síðasta ári.

Skuld að fjárhæð 1.150 milljónir dala, eða um 140 milljarða, er svo færð til bókar við annað dótturfélag sömu samsteypu, Danaher Finance Company. Vaxtagjöld vegna þess láns námu 82 milljónum dala, eða um 10 milljörðum króna.

Þriðja félagið, Danaher European Finance Company ehf., hefur tæplega 260 milljónir evra í hlutafé, eða um 50 milljarða króna. Það hefur aldrei skilað ársreikningum frá stofnun 2006 en hefur sem tilgang kaup, sölu og eignarhald á verðbréfum og fasteignum ásamt lánastarfsemi tengda rekstrinum.

**peturg@frettabladid.is**



**STÓRFYRIRTÆKI** Bandarískt framleiðslufyrirtæki með yfir 50.000 starfsmenn og 1.600 milljarða veltu á að minnsta kosti þrjú dótturfyrirtæki á Íslandi, sem hafa ýmiss konar verðbréfastarfsemi að tilgangi og greiða tvö þeirra verulega skatta hér á landi í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## BANDARÍSKT STÓRFYRIRTÆKI

Danaher Corporation er skráð á hlutabréfamarkaðinn í New York (NYSE: DHR) og er með höfuðstöðvar á 2099 Pennsylvania Avenue í Washington DC, steinsnar frá Hvíta húsinu.

Fyrirtækið hefur alls 50.300 starfsmenn og veltir samtals um 12,7 milljörðum bandaríkjadala á þessu ári, eða um 1.600 milljörðum íslenskra króna.

Danaher hannar, framleiðir og selur alls konar tæknibúnað, rafeindabúnað og tækniþjónustu og á fjölmörg skráð dótturfyrirtæki og útibú.

Eitt dótturfyrirtækjanna er Fluke Corporation, móðurfyrirtæki Fluke Finance Co ehf., sem greiðir áttundu hæstu álögð gjöld allra lögaðila í landinu í ár, eða 528 milljónir króna, og hefur um 70 milljarða króna í hlutafé. Fluke hefur höfuðstöðvar í Washington-ríki.

Annað útibú Danaher-samsteypunnar er Kollmorgen Asia Investment, sem hefur fengið liðlega milljarð bandaríkjadala að láni hjá fyrirtækinu Danaher Iceland Finance.

## HLUTI AF „FJÁRMÖGNUNARSTRÚKTÚR“

Andri Gunnarsson, lögfræðingur hjá Deloitte á Íslandi, hefur undirritað flest þeirra skjala, sem send hafa verið hlutafélagaskrá vegna Fluke Finance og öðrum dótturfyrirtækjum Danaher-samsteypunnar hér á landi. Hann sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki geta veitt upplýsingar um fyrirtækin þar sem Deloitte væri bundið trúnaði við viðskiptavini sína en sagði að Fluke og Danaher væru bandarísk framleiðslufyrirtæki og starfsemin á Íslandi væri hluti af þeirra „fjármögnunarstrúktúr“.

Hann vísaði að öðru leyti á þá Frank T. McFaden og James H. Ditkoff en Fréttablaðið hefur ekki náð tali af þeim.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**NORÐAUSTANÁTT**
Norðaustanáttin verður ríkjandi hjá okkur næstu daga með úrkomu norðantil en bjartviðri sunnan- og vestanlands. Það bætir aðeins í vind með kvöldinu og á morgun verður sums staðar strekkingsvindur einkum á Vestfjörðum. Á fimmtudag lægir heldur og dregur úr úrkomu.



**Á MORGUN**
5-13 m/s, hvassast NV-til.

**FIMMTUDAGUR**
Yfirleitt hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 9° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 14° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 13° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 3° |
| París | 13° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# 4 STJÖRNU SÓLARVEISLA Í NÓVEMBER!

## SÓLARLOTTÓ

**Fyrstur kemur, fyrstur fær!**

**Tenerife - vika** ★★★★

HÁLFT FÆÐI

Verð frá:

**99.900 kr.**

m.v. tvo fullorðna og eitt barn í herbergi með hálfu fæði. Brottfarir 4., 11., 18., og 25. nóvember.

**Bókaðu betur í vetur á**

**www.plusferdir.is**

Skráðu þig í netklúbb Plúsferða og vertu fyrstur til að fá bestu tilboðin! Engin bókunargjöld ef bókað er á netinu.

**PLÚSFERÐIR** – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

## KJÖRKASSINN



*Ert þú byrjuð/byrjaður að huga að jólunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 45,2% |
| Nei | 54,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Treystir þú bankanum þínum?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Samtök atvinnulífsins:

# Ætla að miðla góðum fréttum

**EFNAHAGSMÁL Samtök atvinnulífsins kalla eftir jákvæðum fréttum úr atvinnulífinu og ætla að miðla þeim áfram. Fréttum er hægt að koma til skila á vef samtakanna, www.sa.is.**

**Á vefnum segir að þrátt fyrir allt nái fólk og fyrirtæki árangri við mjög erfiðar aðstæður nú en með bættu rekstrarumhverfi væri hægt að gera mun betur. „Aðeins með öflugu atvinnulífi, hugmyndaauðgi og framsýni náum við að kveða kreppuna í kútinn. Fram undan er mikilvægt uppbyggingarstarf þar sem SA munu leggja sitt af mörkum til hægt sé að snúa þróuninni við.“ - óká**

Jarðakaup verði auðvelduð:

# Vilja hagstæð lán

**LANDBÚNAÐUR** Nýstofnuð Samtök ungra bænda vilja að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir að ungt fólk geti fengið hagstæð lán til jarðakaupa og þannig hafið búskap. Í ályktun samtakanna er bent á að ríkisstjórnin segist í stefnuyfirlýsingu sinni ætla að styðja við nýliðun í bændastétt.

Verulegt fjármagn þarf til að hefja búskap og eru þau lánakjör sem nú bjóðast sögð með öllu óhagstæð.

Leggja samtökin til að skoðað verði hvort efla megi Jarðasjóð í því augnamiði að veita nýliðum í landbúnaði hagstæð lán. - bþs

## STJÓRNSÝSLA

### Guðmundur í stað Baldurs

Menntamálaráðherra hefur fallist á beiðni fjármálaráðherra um að Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti, verði ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti. Áður var Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri þar, en hann hætti störfum, eftir að fréttist að hann sætti opinberri rannsókn.

Íslendingurinn sem er í haldi vegna stóra mansalsmálsins er með mál í kerfinu:

# Sætir ákæru fyrir milljónaskattsvik

**DÓMSMÁL** Íslendingurinn sem situr í gæsluvarðhaldi grunaður um tengsl við glæpamálið umfangsmikla sem upp kom á Suðurnesjum um miðjan október sætir ákæru fyrir skattsvik upp á tæpar tuttugu milljónir.

Saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra gaf í mars út ákæru á hendur manninum, sem er tæplega fertugur eigandi verktakafyrirtækis. Samkvæmt ákærunni láðist manninum, fyrir hönd heildverslunar sem hann á, að standa skil á tæplega sautján og hálfri milljón króna í virðisaukaskatt árin 2004 og 2005. Auk þess hafi hann ekki greitt um 2,1 milljón í opinber gjöld af launum starfsmanna félagsins.



**GRUNDARFJÖRÐUR** Maðurinn keypti fyrr í ár helmingshlut í húsi í Grundarfirði. Skömmu síðar brann það og allt sem í því var. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Málið er enn til meðferðar fyrir dómstólum. Brot gegn þessum lögum getur varðað allt að sex ára fangelsi, þótt þau leiði oftar en ekki til skilorðsbundinnar refsingar.

Maðurinn var handtekinn í kjölfar mansalsmáls sem upp kom þegar nítján ára litháísk stúlka kom til landsins um miðjan síðasta mánuð. Hann er meðal annars grunaður um tryggingasvik, en hús sem hann hafði nýlega keypt í Grundarfirði brann í ágúst síðastliðnum. Einnig sitja fimm Litháar í varðhaldi vegna málsins. Þrír þeirra höfðu unnið hjá verktakafyrirtæki Íslendingsins. - sh

Aðildarviðræður við ESB:

# Stefán Haukur stýrir viðræðum

**EVRÓPUMÁL Utanríkisráðherra hefur falið Stefáni Hauki Jóhannessyni að stýra fyrirhuguðum aðildarviðræðum við Evrópusambandið fyrir hönd Íslands. Stefán Haukur hefur verið sendiherra Íslands gagnvart ESB síðan 2005.**

**Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir að Stefán Haukur sé einn reyndasti samningamaður Íslands á alþjóðavettvangi, hafi meðal annars leitt fríverslunarviðræður fyrir hönd Íslands og EFTA við ýmis ríki. Einnig verið formaður vinnuhóps um aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. - kóþ**

# Óttaðist róg og baktal skósveina Óskars

**Formaður kjördæmasambands Framsóknar í Reykjavík hætti trúnaðarstörfum fyrir flokkinn eftir deilu við Óskar Bergsson. Í bréfi til samflokksmanna gagnrýnir hann Óskar og „skósveina“ hans og segir Óskar hafa beðið sig að hætta.**

**STJÓRNMÁL** Gestur Guðjónsson, sem meðal annars hefur verið formaður kjördæmasambands Framsóknarflokksins í Reykjavík og varaformaður umhverfis- og samgönguráðs borgarinnar, sagði sig frá öllum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn í kjölfar deilu við borgarfulltrúann Óskar Bergsson. Í bréfi sem Gestur sendi borgarstjórnarflokknum fyrir tveimur vikum, og Fréttablaðið hefur undir höndum, segist hann hafa hætt af ótta við róg og baktal skósveina Óskars.

Deila Óskars og Gests snerist um það hvort kjördæmasambandið ætti að ráða sér starfsmann fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor. Það vildi Óskar, en Gestur stóð gegn því og taldi ekki rekstrargrundvöll fyrir slíku, enda væri kjördæmasambandið skuldum hlaðið eftir síðustu borgarstjórnarkosningar.

„Ekkert borð er fyrir báru til að fara í slíkar mannaráðningar upp á von og óvon,“ skrifar Gestur. Fleiri mál hafi reyndar komið til sem Óskari hafi eflaust mislíkað, en um þau þurfi að ríkja trúnaður.

Gestur segir að í kjölfar þessara deilna hafi Óskar boðað hann á fund og sagst vilja að Gestur hætti formennsku í sambandinu, „hann vilji hafa mann sem hann geti treyst að framkvæmdi hlutina eins og hann vilji, enda kosningavetur framundan“.

Þetta segir Gestur hafa komið sér „algjörlega í opna skjöldu, enda hefur Óskar í mörg ár talað um lýðræðið í flokknum og nauðsyn þess að sem flest sjónarmið komist að og gegn klíkuvæðingu sem hefur farið svo illa með okkur framsóknarmenn í Reykjavík í gegnum langan tíma“.



**DÝRT PRÓFKJÖR** Hér sjást Gestur og Óskar þegar prófkjör framsóknarmanna árið 2006 fór fram í Reykjavík. Gestur segir kosningabaráttuna það árið hafa verið svo dýra að ekki væri hægt að ráða starfsmann, þremur og hálfu ári síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eftir kröfu Óskars um afsögn hafi Gestur einungis átt tveggja kosta völ, „að taka slaginn á kjördæmaþingi og lifa með þeim rógi og baktali sem ég hef orðið að upplifa frá skósveinum Óskars þar sem mér yrði kennt um allt sem aflaga færi í kosningabaráttunni, en þakkandi sér allt sem vel fer, eða að þakka bara fyrir mig og fara og leyfa þeim að eiga sviðið sem það vildu“. Hann hafi því hætt til að valda lágmarksúlfúð í flokknum. Hann hafi ekki viljað leggja á sig vinnu við undirbúning kjördæmaþings, þar sem hann yrði einungis niðurlægður opinberlega.

Óskar Bergsson vill lítið tjá sig um málið. „Þetta er bara innanflokksmál hjá okkur sem er enn óleyst og ég er í samskiptum við Gest til að reyna að leysa þennan ágreining,“ segir hann.

stigur@frettabladid.is



**HINDBER** Hitun hindberja í tvær mínútur við 90 gráður á Celsíus minnkar hættu á sýkingu.

Matvælastofnun:

# Noro-veirur í hindberjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Matvælastofnun bendir almenningi á að hitun á frosnum innfluttum hindberjum sé fyrirbyggjandi til að forðast sýkingar af völdum noro-veira.

Tilefnið er að noro-veirusýkingar, sem rekja má til innfluttra frosinna hindberja, hafa komið upp í Finnlandi og Svíþjóð í haust. Talið er að rekja megi smitið til vökvunar með menguðu vatni. Sænska og finnska matvælastofnunin hafa ráðlagt stóreldhúsum, veitingastöðum og neytendum að hita innflutt frosin ber ef nota á þau í eftirrétti og ávaxtadrykki. Ekki er vitað um noro-veirusýkingar hérlendis sem má rekja til hindberja. - jss

Sjálfstæðisfólk í borgarslag:

# Velja frambjóðendur í janúar

**PRÓFKJÖR Samþykkt var á fundi Varðar – fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, í gær að prófkjör skuli fara fram í Reykjavík um val frambjóðenda á framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor.**

**Prófkjörið fer fram laugardaginn 23. janúar á næsta ári. - jab**




FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip.

Tryggðu þér eintak í tíma.

CRYMOGEA

–fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea


Tilkynningar til lögreglu um að rjúpnaveiðimenn fari ekki að lögum:

# Skjóta á rjúpur úr bílunum

**LÖGREGLUMÁL** „Okkur hafa borist tilkynningar um að rjúpnaveiðimenn séu að þvælast upp á hálendið á jeppum og skjóta á fuglinn úr bílunum,“ segir Adolf Árnason, lögreglumaður á Hvolsvelli.

„Auk þessa fékk lögreglan á Hvolsvelli tilkynningu um helgina um að rjúpnaveiðimenn væru að aka utan vegar í umdæminu á fjórhjólum við veiðar. Slíkt er algerlega bannað.“

Adolf segir að lögreglan hafi gert gangskör að því á sunnudag að hafa hendur í hári þeirra sem fari ekki að lögum við rjúpnaveiði. Það hafi ekki tekist, enda um langan veg að fara, og mennirnir þá á bak og burt.

„En við munum hafa eftirlit með veiðimönnum og athuga hvort þeir eru með allt sitt í lagi, svo sem skotvopnaleyfi, veiðileyfi og byssur. Ef svo reynist ekki vera er lagt hald á það.“

Lögreglan á Hvolsvelli áréttar að óheimilt er að aka utan vegar. Enn fremur má ekki hafa hlaðið skotvopn nær ökutæki en 250 metra. Lögreglan biður veiðimenn að fylgja reglum í hvívetna til að komast hjá óþarfa slysum og landspjöllum. Jafnframt að hafa skotvopnaskírteini og veiðikort tilbúin til sýningar þegar lögregla óskar eftir. -jss



**EIN UPP TIL FJALLA** Tilkynnt hefur verið um veiðimenn á fjórhjólum utan vegar.


RÚMSTÆÐI
40% AFSLÁTTUR!
Á TILBOÐI!
RÚMSTÆÐI
með þrýstijöfnunar- og pokagormaheilsudýnu (160x200 cm)
Verð frá 283.240 kr.
NÚ FRÁ 169.920 kr.
30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NÁTTBORÐUM
Fri 9 Feb
ATH! RÚMSTÆÐIN FÁST Í FLEIRI STÆRÐUM OG MEÐ ÖÐRUM HEILSUDÝNUM
9" AC-ÞRÝSTIJÖFNUNAR HEILSURÚM
ÞRÝSITIJÖFNUNAR-HEILSURÚM
• Lagar sig að líkamanum
• Veitir fullkomna slökun
• Einginn hreyfing milli svefnsvæða
• Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
• Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
• Þarf ekki að snúa
• 10 ára ábyrgð
31% AFSLÁTTUR!
ÞRÝSTIJÖFNUNAR HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð 186.340 kr.
NÚ 128.575 kr.
ARGH 031109
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða banki hefur samþykkt 30 milljarða lán til Orkuveitu Reykjavíkur?

2 Hvaða lið lagði Íslandsmeistara KR í karlakörfunni á sunnudag?

3 Hver skrifar ævisögu Snorra Sturlusonar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Seinni hluti kosninga í Afganistan sleginn af:

# Karzai lýstur sigurvegari

**AFGANISTAN** Kjörnefnd tilkynnti um ákvörðun sína að slá seinni umferð kosninganna af á mánudag, sólarhring eftir að Abdullah dró framboð sitt til baka. Bar hann því við að brögð hefðu verið í tafli í fyrri umferðinni og því ekki að vænta að seinni umferð kosninganna færi fram á jöfnum grunni. Hann drægi sig því í hlé.

Að sögn formanns kjörnefndar var seinni umferð kosninganna aflýst til að spara fé og af öryggisástæðum. Talibanar höfðu hótað að láta til skarar skríða um allt land á laugardag, þegar seinni umferðin átti að fara fram. Karzai var kjörinn forseti árið 2004 og var búist við að hann myndi verða kjörin önnur fimm ár til viðbótar. Boðað var til seinni umferðar til að ljá forsetakosningunum lögmæti.



HAMID KARZAI

Kosningasvik settu svip á fyrri umferðina í ágúst og hafði Karzai verið undir þrýstingi manna á borð við John Kerry, öldungadeildarþingmann í Bandaríkjunum, og Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, um að fallast á aðra umferð.

Bandarísk og bresk stjórnvöld, sem og stjórnvöld í helstu NATO-ríkjum hafa óskað Karzai til hamingju með sigurinn.

Að sögn fréttaritara BBC í Afganistan hafði verið búist við þessum málalyktum; allar fréttir undanfarið hefðu bent til þess að menn væru að leita löglegra leiða til að slá seinni umferðina af.

Raunveruleg ástæða fyrir því að seinni umferðinni væri aflýst væri alþjóðlegur þrýstingur; sú staða sem komin var í upp í Afganistan væri vond en þetta væri illskásti kosturinn í stöðunni. - þeb

Karlmaður á þrítugsaldri:

# Stal peningaskáp úr Bautanum

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að stela peningaskáp, auk fleiri brota. Skápnum, sem innihélt 154 þúsund krónur, stal hann með því að brjótast inn í veitingastaðinn Bautann á Akureyri.

Þá var maðurinn ákærður fyrir að hafa í félagi við aðra stolið tveimur bílahljómflutningstækjum samtals að verðmæti 107.800 krónur úr verslun N1 í Reykjavík.

Maðurinn játaði sök fyrir dómi. Hann hefur tvívegis sætt refsingu áður. - jss

Kona handtekin:

# Kastaði glasi í höfuð lögreglu

**LÖGREGLUMÁL Kona kastaði glasi í höfuð lögreglumannsins sem var að störfum utan við skemmtistaðinn 800 bar á Selfossi aðfaranótt sunnudags.**

**Konan var handtekin og færð til yfirheyrslu. Málið er í rannsókn og mun að því loknu sent til saksóknara til frekari meðferðar. Lögreglumaðurinn sem varð fyrir glasinu slasaðist ekki alvarlega.** - jss

## BOLUNGARVÍK

### Lögreglustöðinni lokað

Lögreglustöðinni í Bolungarvík var lokað í september og staða forvarnarfulltrúa lögð af. Þar með hafa Bolvíkingar misst tvö störf ásamt starfsstöðinni frá sameiningu embættanna þrátt fyrir gefin fyrirheit um annað.“ Vefur Bæjarins besta greindi frá.

Dæmdur í metsekt fyrir ruslpóst á Facebook:

# Var rukkaður um 88,9 milljarða

**BANDARÍKIN** Bandarískur maður hefur verið dæmdur til að greiða 711 milljón dollara sekt fyrir tilraun til að svíkja notendur Facebook-samskiptavefjarins.

Upphæðin jafngildir 88,9 milljörðum króna. Maðurinn, sem heitir Sanford Wallace, er í forsvari fyrir fyrirtækið Cyber Promptions sem sendir út ruslpóst (sem stundum er kallaður kæfa, eða spam á ensku). Wallace, í félagi við annan mann, reyndi að fá fólk til gefa aðgang að bankareikningum sínum.

Dómurinn féll í Kaliforníu í Bandaríkjunum, en dómarinn sagðist vilja fæla aðra frá því að velja sér kæfusendingar að atvinnu.

Í umfjöllun Berlingske Tidende um dóminn er hins vegar haft eftir sérfræðingi í upplýsingatækni að vafi kunni að leika á fælingarmætti dómsins. „Ég óttast að helsta afleiðing sektarinnar verði að hvetja kæfusendara til að vanda betur til verka og hylja slóð sína þannig að yfirvöld eigi erfiðara með að hafa hendur í hári þeirra. Um leið verður snúnara að stöðva og sjá við ruslpóstssendingunum,“ segir Dan Olds, sérfræðingur hjá Gabriel Consulting, í viðtali við bandaríska tölvublaðið Computerworld.

Fram kemur í Berlingske að Facebook eigi ekki von á því að fá peningana greidda, en í maí í fyrra var Wallace þessi dæmdur til að borga MySpace rúma 29 milljarða króna. - óká

# Margt hefur áunnist með Schengen-aðild

**Yfirmaður alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra telur óráðlegt að Ísland segi sig úr Schengen-samstarfinu. Skiptar skoðanir eru meðal lögreglumanna um ágæti aðildarinnar að Schengen.**

**LÖGGÆSLA** Smári Sigurðsson, yfirmaður alþjóðadeildar embættis Ríkislögreglustjóra, telur úrsögn úr Schengen-samstarfinu ekki leysa þann vanda sem afbrot útlendinga á Íslandi er. Upptaka landamæraeftirlits í stað Schengen-aðildar væri skref aftur á bak. Hann bendir á að margt hafi unnist með aðild, helst þó aðgangur lögreglu að alþjóðlegum gagnagrunnum sem sé hrein bylting. Með honum hafi lögreglan til að mynda fundið eftirlýsta glæpamenn sem ella hefði ekki orðið.

Félagsmenn í Lögreglufélagi Vestfjarða ályktuðu á dögunum á þann veg að Ísland eigi að hætta þátttöku í Schengen og taka í staðinn upp vegabréfaeftirlit eins og tíðkaðist áður. Sagði Gylfi Þór Gíslason, formaður félagsins, í samtali við Fréttablaðið á laugardag að Schengen-aðild hefði ekki gefið góða raun. Fólk sem hingað komi í þeim tilgangi að fremja afbrot eigi greiða leið inn í landið. Einsýnt væri að með sjálfstæðu og öflugu landamæraeftirliti yrði hægt að stöðva talsvert af því fólki sem kemur til landsins til að fremja glæpi. Sú skipulagða glæpastarfsemi sem talin er hafa skotið hér rótum kunni að hafa gert það í skjóli frjálsrar farar fólks innan Schengen-svæðisins.

Smári Sigurðsson bendir á að frjáls för sé ekki bundin við Schengen-svæðið. Hún hafi verið innleidd í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið auk þess sem hún hafi viðgengist á Norðurlöndunum í áratugi á grundvelli sérstaks samnings. Frjáls för fólks verði ekki stöðvuð nema Ísland segi sig úr margháttuðu samstarfi við aðrar þjóðir.

Þá segir Smári að engin leið sé að skoða feril allra ferðamanna sem leggi leið sína til landsins og þaðan af síður að sigta þá út sem líklegir séu til að fremja afbrot. Efast hann að auki um að Íslendingar séu reiðubúnir til að standa í löngum biðröðum eftir vegabréfaskoðun í flughöfnunum í útlöndum, til að mynda í Kaupmannahöfn.

bjorn@frettabladid.is



Lögreglumenn vilja Ísland úr Schengen

24 RÍKI EIGA AÐILD AÐ SCHENGEN

**ÚR SCHENGEN** Fréttablaðið sagði frá skoðun lögreglumanna á Vestfjörðum á laugardag.

## SCHENGEN GAGNAST LÖGBRJÓTUM

Ekki hefur verið rætt eða ályktað um Schengen-aðildina á vettvangi Landssambands lögreglumanna. Snorri Magnússon formaður kveðst engu að síður vita að meðal lögreglumanna séu skiptar skoðanir og telur heldur fleiri á bandi Vestfirðinganna. Sjálfur er hann afdráttarlaus: „Ein af ástæðum þess að við horfum fram á aukna tíðni afbrota erlendra ríkisborgara er ákvörðun ríkisstjórnarinnar á sínum tíma um fulla aðild að Schengen-samstarfinu.“



SNORRI MAGNÚSSON

Áformum um að færa það eftirlit sem áður var við landamærin til lögreglu hafi ekki verið fylgt eftir enda hafi lögreglumönnum ekki verið fjölgað. Á hann þar við skilríkjaeftirlit á götum úti. Snorri telur að almennir ferðamenn myndu ekki setja fyrir sig að bíða í röð eftir vegabréfaskoðun en þeim sem hafi í hyggju að fremja afbrot gagnist hins vegar núverandi fyrirkomulag.




BARNVÆNT SAMFÉLAG

Opið málþing á Grand Hótel Reykjavík - Gullteigi þriðjudaginn 10. nóvember kl. 8-11

Markmið með málþinginu er að skapa tækifæri fyrir hagsmunaaðila til að ræða um barnvænt samfélag út frá ólíkum sjónarhornum.

Frummælendur:

**Sæunn Kjartansdóttir**, höfundur bókarinnar *Árin sem enginn man.*

**Ragnhildur Sverrisdóttir** foreldri.

**Arnar Yngvason** leikskólakennari.

**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**, formaður leikskólaráðs Reykjavíkur.

**Svali Björgvinsson**, starfsmannastjóri Icelandair.

**Hópastarf og umræður að loknum framsögum**

Málþingið setur **Katrín Jakobsdóttir** menntamálaráðherra.

Málþingstjóri er **Karl Björnsson**, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Skráning og morgunhressing frá kl. 8:00 dagskrá hefst kl. 8:30 – ekkert þátttökugjald.**

Skráning fer fram á vef SA: www.sa.is

FÉLAG LEIKSKÓLAKENNARA

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Heimili og skóli Landssamtök foreldra

ÍSLENSKA SIA.IS SAL 47618 10.09

# Ódýrt að versla!




RAUÐSPRETTA
**598** kr/kg

www.markhonnun.is




FRANSKAR KARTÖFLUR, 1kg
**399** kr/pk.




SUMARBLANDA, 1kg
**259** kr/pk.




HVÍTLAUKSBRAUÐ, 2 stk.
**199** kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 2. - 9. nóvember eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*



**FLJÓTUST Í HEIMI** Fljótasti maður heims, Usain Bolt, stillir sér upp með blettatígri sem er fljótasta dýr á láði, á heimili fyrir munaðarlaus dýr í Kenýu. Bolt kemst á um 40 kílómetra hraða – blettatígurinn á 120. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirlýsingar fyrri ríkisstjórnar kunna að vera úreltar vegna efnahagsástandsins:

# Stefna að útboði á næsta ári

**UMHVERFISMÁL** Samkvæmt frummatsskýrslu Vegagerðarinnar verða umhverfisáhrif af gerð jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar að mestu óveruleg. „Áhrif á samgöngur og samfélög eru verulega jákvæð en á landnotkun, fjörur, straumvötn og landslag eru áhrifin á mörkum þess að vera talsvert neikvæð og óveruleg“, segir í niðurstöðum skýrslunnar.

Fram kemur að Samgönguáætlun geri ráð fyrir að göngin verði gerð á árunum 2011 til 2014. „Ríkisstjórn Íslands lýsti því yfir árið 2007, er hún kynnti svonefndar mótvægisaðgerðir vegna minni þorskkvóta, að flýta ætti jarðgangagerðinni þannig að hægt væri að taka göngin í notkun árið 2012. Þessar yfirlýsingar kunna að vera úreltar vegna efnahagsástands, en ákveðið hefur verið að halda áfram með hönnun og undirbúning,“ segir þar.



**ARNARFJÖRÐUR** Vegagerðin segir gert ráð fyrir efnistöku í Hófsá vegna jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Áhrif efnistökunnar verði þó að mestu afturkræf. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Tillaga að framkvæmdinni og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar til 15. desember næstkomandi hjá Ísafjarðarbæ, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða, www.nave.is.

„Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 15. desember 2009 til Skipulagsstofnunar,“ segir í Lögbirtingablaðinu. **- óká**

Sameinuðu þjóðirnar:

# Í átt að reglum um vopnasölu

**VIÐSKIPTI** Sameinuðu þjóðirnar stigu á föstudag skref í átt að því að setja reglur um alþjóðlega vopnasölu, þegar meirihluti þjóða samþykkti að reyna að semja slíkar reglur fyrir árið 2012.

Nítján þjóðir sátu hjá við atkvæðagreiðsluna, þar á meðal Kínverjar og Rússar, en 153 aðrar samþykktu þetta, þeirra á meðal Bandaríkjamenn. Flestar þjóðanna sem hjá sátu ætla engu síður að taka þátt í viðræðum um reglurnar. Eitt ríki, Simbabve, kaus gegn áformunum.

Fyrrverandi forseti BNA, George W. Bush, hafði áður verið mótfallinn slíkum reglum. **- kóþ**

Polanski berst enn fyrir lausn:

# Býður himinháa tryggingu

**SVISS** Lögfræðingur Romans Polanski sagði í gær að skjólstæðingur sinn myndi bjóðast til að leggja fram himinháa tryggingu gegn því að verða látinn laus úr svissnesku fangelsi.



**ROMAN POLANSKI**

Polanski var handtekinn í síðasta mánuði þegar hann kom til Sviss til að vera viðstaddur kvikmyndahátíð. Svissneskur dómstóll hefur í tvígang hafnað beiðni leikstjórans um lausn. Dómstóllinn bendir á að Polanski flúði frá Bandaríkjunum árið 1978 meðan hann beið dóms fyrir að nauðga þrettán ára stelpu. **- ót**

Ný könnun um kauphætti þeirra sem stela tónlist af netinu:

# Kaupa meiri tónlist en hinir

**BRETLAND** Þeir sem stela tónlist af netinu kaupa líka tónlist fyrir jafnvirði 15.700 króna að meðaltali á ári. Þeir sem segjast ekki stunda ólöglegt niðurhal kaupa tónlist fyrir rúmlega níu þúsund krónur á ári. Þetta kemur fram í nýrri könnun í Bretlandi, sem BBC greinir frá.

Af þeim sem tóku þátt í könnuninni kvaðst tæplega einn af hverjum tíu frá sextán ára aldri til fimmtugs stela tónlist af netinu. Hins vegar sögðust átta af hverjum tíu í sama aldursflokki kaupa geisladiska, hljómplötur og tónlist á MP3-formi.

Alls tóku 1.008 manns þátt í vefkönnuninni, sem Demos annaðist.

Helmingur þátttakenda sagðist hlusta á tónlist á Youtube og 22 prósent hlustuðu á vefvarp. Aðeins fjögur prósent þátttakenda kváðust nota skráarskiptaforritið Napster, sem eitt sinn bar höfuð og herðar yfir önnur slík forrit.

75 prósent svarenda á aldrinum 16 til 24 ára sögðust reiðubúnir til að borga fyrir tónlist á MP3-formi. Óskaverð svarenda fyrir eitt lag var 45 pens, jafnvirði 92 króna. Aðeins tvö prósent voru reiðubúin að greiða meira en pund, 204 krónur. Sem dæmi má nefna að vinsælasta lagið í Bretlandi um þessar mundir, Fight for this Love með Cheryl Cole, kostar 203 krónur hjá itunes og 162 krónur hjá Amazon. **- bs**



**ÓLÖGLEGT NIÐURHAL** Þeir sem stela tónlist af netinu kaupa tónlist fyrir 15.700 krónur á ári. Hinir kaupa fyrir níu þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

Reglur um leikskólaþjónustu:

# Skil skilyrði fyrir leikskólaplássi

**REYKJAVÍK Borgaryfirvöld hafa ákveðið að skilyrði fyrir leikskóladvöl barna sé að foreldrar þeirra séu ekki í vanskilum við leikskólasvið borgarinnar.**

**Í nýjum reglum um leikskólaþjónustu sem gengu í gildi í gær segir að leikskólasviði sé heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu. Sviðið getur sagt dvölinni upp ef ekki er staðið við samkomulagið.**



**RAGNAR SÆR RAGNARSSON**

**Ragnar Sær Ragnarsson, formaður leikskólaráðs, segir að vanskil við sviðið séu almennt lítil og hafi ekki aukist.** **- bþs**


Kauptún 3

Til leigu



Verslanir við Kauptún

IKEA
BYKO
BÓNUS
MAX RAFTÆKI
TEKK VÖRUHÚS (opnar í nóv.)




ÍSLENSKA/SIA.IS/ISI 47750 10/09

Glæsileg verslunarrými
við Kauptún í Garðabæ, gegnt IKEA

Stærðir frá 80 m² til 2.500 m².
Hvert rými hefur sérinngang utan frá.
Við eina fjölförnustu umferðaræð á höfuðborgarsvæðinu.
Nú þegar yfir 3 milljónir heimsókna á svæðið árlega.

Nánari upplýsingar - Sími 578 1300 • thr@thr.is

ÞÓR
ÞRÓUN OG RÁÐGJÖF EHF

# ÞVÍ MIÐUR

Íslenskir garðyrkjubændur neyðast því miður til að draga verulega úr framleiðslu sinni í vetur. Um leið blasir við umtalsverð fækkun starfsfólks í garðyrkjustörfum. Skortur á íslensku grænmeti í verslunum er því óhjákvæmilegur.

Í skammdegi vetrarmánaða er ylrækt útilokuð án lýsingar, sem gerir garðyrkjubændur að stórnotendum raforku. Ákvörðun stjórnvalda um 30% hækkun raforkuverðs til garðyrkjubænda er rothögg fyrir rekstrargrundvöll slíkrar framleiðslu.

Garðyrkjubændur gera sér grein fyrir því að allir landsmenn þurfa að axla auknar byrðar við núverandi aðstæður. Nýjar álögur af þeim toga sem stjórnvöld hafa ákveðið að leggja á ylrækt eru hins vegar af þeirri stærðargráðu að útilokað er að undir þeim verði risið.

Undanhald íslenskrar garðyrkju er fjárhagslega dýrt fyrir þjóðarbúið og mun hafa þau áhrif að framboð á íslensku grænmeti mun dragast mjög saman. Þess vegna mótmæla garðyrkjubændur við Alþingishúsið í dag.

**Í dag kl. 12:30 munu garðyrkjubændur mæla með íslenskri garðyrkju fyrir framan Alþingishúsið áður en þingfundur hefst. Við bjóðum alla, sem vilja mæla með íslenskri garðyrkju, velkomna að taka þátt!**

SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA

ÍSLENSKA SIA.IS SGB 47853 11/09

**FRÉTTASKÝRING:** Suðvesturlína

# Suðvesturlína um tólf sveitarfélög

**Skipulagsstofnun hefur fellt úrskurð um að ekki þurfi að meta sameiginleg áhrif Suðvesturlínu á umhverfið. Línan liggur um tólf sveitarfélög og er samtals 152 kílómetrar af loftlínum. Um hana mun streyma orka úr fjölda virkjana og fjölmörg fyrirtæki hyggjast nýta orkuna. Fréttablaðið rýndi í þær framkvæmdir sem um getur í úrskurði Skipulagsstofnunar.**

Fáar stjórnvaldsákvarðanir hafa vakið meira umtal en sú ákvörðun Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra að fella úr gildi þann úrskurð Skipulagsstofnunar að ekki þyrfti að meta sameiginlega umhverfisáhrif framkvæmda vegna Suðvesturlínu. Svandís fól stofnuninni að úrskurða á ný um málið. Nýr úrskurður um málið féll á föstudag og var á sama veg; ekki væri þörf á sameiginlegu mati. Ekki er víst að það sé endanleg ákvörðun, því hægt er að kæra úrskurðinn til ráðherra. Kærufrestur rennur út 4. desember.

Með línunni er meginflutningskerfi á raforku á Suðvesturlandi endurnýjað. Þetta er mikil framkvæmd, alls eru loftlínurnar 152 kílómetrar að lengd, þá eru 19 kílómetrar af meginflutningakerfinu endurnýjaðir. Mestmegnis er um loftlínur að ræða, en á nokkrum stöðum er gert ráð fyrir jarðstrengjum til tenginga. Við endurnýjun verða gamlar línur fjarlægðar; alls 97 kílómetrar af loftlínum.

Ný tengivirki verða reist á Hellisheiði, við Sandskeið, Hrauntungur sunnan Hafnarfjarðar og á Njarðvíkurheiði. Þá verður tengivirki við Rauðamel fjarlægt.

### Aukinn iðnaður

Fyrirtækið Landsnet stendur fyrir lagningu og rekstri línunnar. Það var stofnað árið 2003 á grundvelli nýrra raforkulaga og er því ætlað að annast flutning raforku og stjórnun kerfisins.

Hugmyndir um Suðvesturlínuna hafa verið uppi um nokkurn tíma, enda er hún talin vera forsenda iðnaðaruppbyggingar á landsvæðinu. Núverandi kerfi er ekki talið standa undir mikilli framleiðsluaukningu, auk þess sem talin er hætta á rafmagnstruflunum og jafnvel straumleysi á Suðurnesjum ef núverandi kerfi bilar eða þarfnast viðhalds.

Fjöldi iðnaðarverkefna er í farvatninu á svæðinu og ber þar hæst að nefna álver Norðuráls í Helguvík. Þar á að reisa allt að 360 þúsund tonna álver, sem þarf um 435 MW af raforku. Í Herdísarvík er aukinheldur ætlunin að reisa kísilmálmverksmiðju og er umhverfismati hennar lokið. Þá hyggur Alcan á stækkun síns álvers í Straumsvík, auk þess sem nokkur netþjónabú eru í undirbúningi á svæðinu. Verði þetta allt að veruleika er ljóst að bæta þarf raforkukerfið.

### Skapar fjölda starfa

Framkvæmdir við Suðvesturlínu eina og sér skapar fjölda starfa. Að auki skapast störf í þeim fyrirtækjum sem ætlað er að reisa í kjölfar línunnar, auk þeirra virkjana sem rísa munu. Ætlunin er að framkvæmdum við línuna verði skipt í fimm áfanga. Felli umhverfisráðherra ekki úrskurð Skipulagsstofnunar úr gildi, má reikna með að framkvæmdir geti hafist sumarið 2010 og staðið til ársins 2017, með hléum þó.

Reiknað er með að vinna við fyrstu fjóra áfanga verkefnisins skapi 380 ársverk og kostnaður við þá verði 27,3 milljarðar, á verðlagi janúarmánaðar 2009.

### Grindavík sér

Suðvesturlína tekur til meginflutningskerfis frá Hellisheiði um Hafnarfjörð og suður á Njarðvíkurheiði. Fjöldi tengivirkja bæta raforku víða að inn á kerfið.

Eins og gefur að skilja koma mörg sveitarfélög að verkefninu, enda landsvæðið víðfeðmt. Alls liggja háspennulínurnar í gegnum tólf sveitarfélög: Ölfus, Mosfellsbæ, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ, Álftanes, Hafnarfjörð, Voga, Reykjanes, Grindavík og Garð.

Af þessum var Grindavík eina sveitarfélagið sem vildi sameiginlegt mat á framkvæmdunum. Þá eru Ölfusingar beinlínis á móti framkvæmdinni.



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

## SUÐVESTURLÍNA, VIRKJANIR OG FYRIRTÆKI SEM NÝTA MUNU SÉR LÍNUNA




### ÖLFUS Á MÓTI

Sveitarfélagið Ölfus er á móti lagningu línunnar, þótt sveitarfélagið telji að ekki þurfi sameiginlegt mat á henni. Í umsögn sveitarfélagsins vegna nýs mats Skipulagsstofnunar segir að framkvæmdin muni hafa „veruleg neikvæð áhrif á núverandi ferðaþjónustu og útivist og frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda innan marka sveitarfélagsins á Hellisheiði og Sandskeiði. Þau neikvæðu áhrif sé ekki hægt að réttlæta þar sem fyrirhuguð framkvæmd miði einkum að því að flytja orku af Suðurlandi og standa því í vegi fyrir uppbyggingu atvinnutækifæra m.a. í Sveitarfélaginu Ölfusi“.



**TENGIVIRKI** Fjöldi tengivirkja mun rísa vegna Suðvesturlínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég vil láta mér líða vel!
Náttúrulegt bætiefni fyrir konur á breytingarskeiði
Breytingarskeiðið er ekki sjúkdómur. Það er náttúrulegt ferli í ævi kvenna. Breytingarskeiðinu geta hins vegar fylgt óþægindi. í náttúrunni má finna mild en afar virk efni við óþægindum breytingarskeiðsins. KVENNABLÓMI er einstök samsetning náttúruefna sem reynslan hefur sýnt að gagnast konum einstaklega vel gegn óþægindum breytingarskeiðsins. KVENNABLÓMI inniheldur auk þess drottningarhunang og kvöldvorrósaolíu.


NÚ MEÐ BREYTTU OG ENDURBÆTTU SNIÐI!
Íslenskt bætiefni - framleitt samkvæmt ströngustu gæðastöðlum fyrir íslenskar aðstæður
Við höfum breytt forminu en höldum sömu innihaldsefnum og áður. Í stað töflu notum við belgi með virku efnunum í vökvaformi sem auðveldar og flýtir upptöku - en það þýðir að líkaminn nýtir þau betur. Framleiðslan er samkvæmt ströngustu gæðakröfum og GMP framleiðslustaðli.
NÁTTÚRULEGT GMP GÆÐAVOTTAÐ
heilsa –hafðu það gott
KRAFTAVERK

# ARNALDUR ÓDÝRARI Í OFFICE 1




SVÖRTULOFT
Arnaldur Indriðason
50%
afsláttur




SEX GRUNAÐIR
30%
afsláttur




HYLDÝPI
30%
afsláttur




NÝTT TUNGL
30%
afsláttur



GULLGERÐAR-MAÐURINN
30%
afsláttur




SKRÍMSLI Í HEIMSÓKN
30%
afsláttur




HVÍTI TÍGURINN
30%
afsláttur

TBWA\PIPAR • SÍA • 91877

Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður,
Selfoss, Egilsstaðir, Akureyri.

**Tilboðin gilda aðeins þriðjudaginn 3. nóvember.**
Til þess að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar nýti sér tilboðin til innkaupa fyrir eigin verslanir má hver viðskiptavinur aðeins kaupa þrjár bækur af hverjum titli.

**Ég ætla að spara í ár!**

**Office1**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Innlend neysla og erlend fjárfesting:

## Kaflaskil

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þó að Alþingi eigi enn eftir að afgreiða lokaniðurstöðu Icesave er augljóst að umheimurinn álítur að málinu sé lokið. Fyrsta vísbendingin var endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) í síðustu viku. Sú næsta var affrysting Evrópska fjárfestingarbankans á 30 milljarða króna láni til Orkuveitu Reykjavíkur, eins og Fréttablaðið sagði frá í gær. Það lán var samþykkt fyrr á þessu ári en var fryst þegar leit út fyrir að Ísland ætlaði mögulega ekki að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar.

Í samtali við Vísi í gærkvöldi kom fram að stjórnendur Orkuveitunnar og Landsvirkjunar telja lánveitinguna geysilega mikilvæga fyrir þjóðarbúið í heild. Gríðarleg tíðindi sagði Stefán Pétursson, fjármálastjóri Landsvirkjunar, og benti á að með henni hafi Evrópski fjárfestingarbankinn sent út mjög sterk merki út í hinn alþjóðlega fjármálaheim. Stjórnarformaður Orkuveitunnar, Guðlaugur Sverrisson, sagði að landið hafi á ný komist á kortið hjá bankastofnunum heims og vonast til að aðrir atvinnuvegir en orkugeirinn njóti góðs af.

En það er víðar en í Washington og Lúxemborg sem Icesave er hætt að þvælast fyrir. Hér heima gufaði umræðan um þetta mesta þrætumál seinni tíma upp á svipstundu í kjölfar þess að ríkisstjórnin náði innri lendingu um afgreiðslu þess.

Þær tafir sem hafa orðið á afgreiðslu Icesavemálsins má alfarið hengja í ríkisstjórnina. Það lá fyrir allan tímann að áfram veginn yrði ekki haldið nema þeim farartálma yrði komið frá.

Nú er bara spurning hvort Jóhanna, Steingrímur og félagar hafi lært eitthvað af þeim kaflaskilum sem augsýnilega urðu þegar Icesave komst fyrir vind.

Fleiri erfið mál eru við sjóndeildarhringinn. Eitt það snúnasta er hvert framhaldið verður á orkufrekum verkefnum á landinu.

Ef ríkisstjórnin ætlar að bjóða upp á sömu málsmeðferð á stjórnarheimilinu í þeim efnum og við lausn deilunnar við Hollendinga og Breta, verður þetta lengri og strangari vetur en efni standa til.

Eins og Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar AGS á Íslandi, hefur bent á liggur fyrir að innlend neysla mun ekki standa undir endurreisn efnahagslífsins ein og sér. Rétt er að taka fram að undir þann hatt falla líka allar meiri háttar framkvæmdir á borð við ný Hvalfjarðargöng og nýjar sjúkrahúsbyggingar fyrir tugi milljarða.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá þarf Ísland beina erlenda fjárfestingu á þessum tímapunkti.

Í alþjóðlegu umhverfi hefur landið samkeppnislegt forskot þegar kemur að orkufrekum framkvæmdum. Stjórnvöld hljóta að nýta sér þá stöðu með því að greiða fyrir þeim verkefnum sem þegar eru komin vel af stað. Þar eru efst á lista álver í Helguvík og gagnaver í Reykjanesbæ. Jafnframt þarf að sjá til þess að þjóðarbúið verði ekki ofurselt um of einni orkufrekri atvinnuugrein. Það er fleira undir sólinni, sem þarf mikið rafmagn, en álbræðslur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Styrkir skipta sköpum

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, klórar sér í höfðinu yfir fréttaflutningi af ráðstöfunarfé ráðherra. Undrast Björn að reynt sé að gera tortryggilegt þegar ráðherrar leggja vissum verkefnum lið með fjárframlagi, jafnvel þótt um sé að ræða verkefni sem séu talsvert utan verksviðs viðkomandi ráðuneyta. Björn telur af og frá að tengja slíkt við kjördæmapot. „Af eigin reynslu veit ég, að stuðningur af þessum lið fjárlaga hefur skipt sköpum fyrir marga og ráðið úrslitum um framgang eða upphaf margra markverðra verkefna.“



### En eiga ekki að gilda reglur?

Þetta er vel athugað hjá Birni: fjárstyrkir koma þeim sem þá hljóta einatt vel. Og færa má gild rök fyrir því að markverð verkefni ættu að njóta liðsinnis frá ríkinu. En eiga styrkir til til dæmis karlakóra ekki að byggjast á einhverju áþreifanlegra en hrifningu, tja segjum samgönguráðherra á kórsöng í heimabyggð?



### Rétti bakgrunnurinn

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra hefur fundið sér aðstoðarmann í Lísu Kristjánsdóttur. Ferill hennar er með þeim hætti að val Álfheiðar beinlínis blasti við. Í gegnum árin hefur Lísa verið verkstjóri í kvikmyndagerð, sinnt skrifstofustjórn, verið viðburðastjóri og almannatengill hjá bókaforlagi og kosningastjóri VG. Semsagt; pottþéttur bakgrunnur fyrir aðstoðarmann ráðherra.

bergsteinn@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

## Hinir ókosnu



SVERRIR JAKOBSSON
**Í DAG** | Stóriðja

Margt bendir til að áhugaverðir tímar í sögu lýðræðis á Íslandi fari nú í hönd. Ríkisstjórn Íslands sem starfar í umboði meirihluta þjóðarinnar sætir núna hótunum af hálfu stjórnenda Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem þjóðin hefur ekki kosið til neins. Svo langt gengur rimman að þessir aðilar sem ekki tala í nafni þjóðarinnar vilja ráða skattamálum á Íslandi en hóta annars skærum á vinnumarkaði; uppsögn hins svo kallaða „stöðugleikasáttmála“.

Nokkur misskilningur virðist vera ríkjandi meðal þeirra sem gerðu þennan stöðugleikasáttmála. Hann er ekki gjöf þeirra til okkar hinna, afgangsins af þjóðinni. Þvert á móti er stöðugleiki á vinnumarkaði hagsmunamál bæði atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar. Hitt er svo verra mál að kröfur Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands bera þess merki að þessum stofnunum er ekki stjórnað í samræmi við hagsmuni þeirra sem þær kenna sig við og greiða til þeirra félagsgjöld. Þannig vill stjórn Samtaka atvinnulífsins auka álögur á alla atvinnurekendur með hækkun tryggingargjalds til þess að knýja fram lægri álögur fyrir fámennan hóp. Barátta Samtaka atvinnulífsins gegn orkusköttum er skólabókardæmi um það hvernig sérhagsmunir geta orðið allsráðandi í stéttabaráttu.

Sannleikurinn er sá að innlendur virðisauki af starfsemi stóriðjuvera á Ísland er sáralítill eða u.þ.b. 1,8% af vergri þjóðarframleiðslu. Eins og Indriði H. Þorláksson og fleiri hafa bent á rennur þessi virðisauki að tveimur þriðju hlutum til erlendra eigenda álveranna. Virðisauki vegna sölu á aðföngum er varla mikill umfram vaxtagreiðslur orkuveranna sem renna úr landi og viðunandi ávöxtun eiginfjár. Líklega rennur arður af orkulindinni, auðlindarentan, nær óskiptur til stóriðjuveranna sem kaupa orkuna. Mestur hluti af virðisauka stóriðju og stórvirkjana fer því úr landi í formi vaxta.

Enn þá skringilegra er að sjá forystumenn Alþýðusambands Íslands gefa í skyn með sinni forgangsröðun að stóriðja sé númer eitt, tvö og þrjú fyrir atvinnusköpun á Íslandi. Þeim misskilningi er raunar oft haldið á lofti að mikilvægi stóriðju fyrir atvinnusköpun hafi aukist vegna bágs atvinnuástands. En aukið atvinnuleysi á Íslandi veldur því þvert á móti að við þurfum að verja hverri krónu skynsamlega til að tryggja að erlend fjárfesting og nýting auðlinda skapi sem flest störf. Og þar fær stóriðjan ekki háa einkunn. Starfsmenn við álverin þrjú sem starfandi eru að viðbættum afleiddum störfum eru um 1,7% af vinnuafli í landinu. Störfin sem verða til í álverum eru hins vegar mjög dýr störf. Í álframleiðslu eru launin aðeins um 10% kostnaðar en 45% í sjávarútvegi, ef við tökum laun sjómanna, laun fiskverkafólks og allra þeirra með sem koma að verðmætasköpun í sjávarútveginum. Í ferðaþjónustu eru launin um 50% kostnaðar. Þetta merkir að stofnkostnaður við hvert starf í stóriðju er einhver sá mesti sem þekkist, mældur í hundruðum milljóna króna. Því er aftur öfugt farið í ferðaþjónustu og öðrum mannaflsfrekari greinum. Ef ætlunin er að standa að öflugri atvinnusköpun mun hver króna sem varið er af opinberu fé skila mun meiru ef henni er varið til útgerðar eða ferðaþjónustu heldur en fjárfestingar í stóriðju. Og það er þrátt fyrir það að fórnarkostnaðurinn, þau umhverfisspjöll sem verða vegna framkvæmdanna, sé ekki metinn til fjár að neinu marki.

Helsti efnahagslegi ávinningur Íslands af starfsemi stóriðjuvera í eigu erlendra aðila eru þeir skattar sem þeir greiða. Núna eru heildargreiðslur álvera á Íslandi til ríkisins tæpir tveir milljarðar, en afsláttur álveranna vegna afskrifta veldur því að þau greiða einungis lítinn hluta hagnaðar síns í skatt. Þessar afskriftareglur valda því að ávinningur hins opinbera af nýrri stóriðjuframkvæmd er jafnan sáralítill til skamms tíma. En jafnvel þótt álverin nytu ekki slíkra afskriftakjara yrði framlag þeirra til ríkissjóðs innan við sex milljarða á núvirði og orkuskattar myndu auka þann kostnað um rúmlega þrjá milljarða alls. Eftir stæði hagnaður eigenda upp á 25-30 milljarða. Er hægt að halda því fram að stóriðja á Íslandi þoli ekki slíkt gjald á meðan smáfyrirtæki geti tekið á sig umtalsverða hækkun tryggingagjalds?

Núna eru margir atvinnulausir á Íslandi og smærri fyrirtæki berjast í bökkum. Tillögur hinna sjálfskipuðu talsmanna atvinnulífsins miða að því að auka vanda þess hóps svo að stóriðjan fái áfram orkulindir Íslands á afsláttarkjörum.

## Nesti og nýir skór þjóðar

**UMRÆÐAN**
Gunnar Hersveinn skrifar um Þjóðfundinn 14. nóvember



GUNNAR HERSVEINN

Verður Þjóðfundurinn 14. nóvember skráður í sögubækur? Fundurinn er skipulagður af sjálfboðaliðum og á hann eru fulltrúar þjóðarinnar kallaðir. Ef til vill mun eftirfarandi standa í alfræðiritum framtíðarinnar:

„Þjóðfundurinn 2009 markaði þáttaskil í varnarbaráttu Íslendinga fyrir sjálfstæði sínu. 1.500 íbúar voru kallaðir til fundarins í Laugardalshöll til að endurskoða gildin eftir hrun efnishyggjunnar og varpa upp framtíðarsýn um samfélag þar sem hamingja almennings og heill náttúru er mælikvarði allra þýðingarmikilla ákvarðana. Þjóðfundurinn varð afl gegn skammsýni og stundarhagsmunum. Máttarstólpar risu, þjóðin sameinaðist um gildin og hætti að veita afslátt á auðlindum sínum. Straumhvörf urðu á Þjóðfundinum 2009 líkt og á Þjóðfundinum 1851 þar sem hin fleygu orð svifu yfir: „Vér mótmælum allir!“ Þverskurður þjóðarinnar á Þjóðfundinum 2009 mótmælti fífldirfsku, aga- og taumleysi og óútreiknanlegri hegðun útvaldra og fékk fólk til að sameinast um ný gildi með bjartsýni og kraft í farteskinu. Þjóðfundurinn markaði endalok tíðaranda græðginnar og upphaf nýrrar samábyrgðar.“

Ofangreind orð eru tilgáta um mögulega framtíð – sem verður ef við viljum. Allt er mögulegt, ekkert útilokað, enginn veit. Þjóðfundurinn er merkileg tilraun sem getur aðeins heppnast ef þeir sem boðaðir hafa verið mæta. 1.500 einstaklingar hvaðanæva af landinu fengu boð á fundinn, ef til vill má segja að þeir hafi verið kallaðir til að búa þjóð sína undir ferðalag með nesti og nýja skó. Búa hana til sóknar og nýsköpunar.

Það er hollt að spyrja sjálfa sig: „Hvaða gildi vil ég efla með sjálfum mér á næstunni?“ Ef til vill sjálfsaga, vináttu, jákvæðni og hæglæti? En hvaða gildi þarf þjóðin á að halda á næstunni? Ef til vill gagnsæi, sjálfbærni, samvinnu og bjartsýni? Vandasamt er að finna svörin nema í samræðum við aðra og rökræðum þar sem markmiðið er að finna heillavænlega niðurstöðu sem er ósnert af skammsýni. Finnum svörin af eigin mætti og leggjum drög að næstu framtíð!

*Höfundur er rithöfundur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**BÖRN MEÐ HJARTAGALLA** eru um 1,7 prósent allra lifandi fæddra barna hér á landi. Hér á landi fæðast um sjötíu börn með hjartagalla árlega. Af þessum börnum þarf helmingur að gangast undir aðgerð og sum þeirra oftar en einu sinni. Þriðjungur þessara aðgerða er framkvæmdur hérlendis. Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna. www.neistinn.is





Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473












Hjónin Alma og Guðmundur hlaupa að meðaltali 50 til 60 kílómetra í viku hverri. Þess utan iðka þau jóga og reyna að huga að mataræðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hlaup helsta áhugamálið

**Hjónin Alma María Rögnvaldsdóttir og Guðmundur Guðnason finna mikinn mun eftir að hafa tileinkað sér heilbrigðari lífsstíl, þar sem hollt mataræði, hreyfing og umfram allt hlaup skipa veigamikinn sess.**

„Þetta er frábær aðferð til að halda sér í formi og þurfa ekki stöðugt að hafa áhyggjur af því hvað maður setur ofan í sig,“ segir Alma María Rögnvaldsdóttir um kosti þess að stunda hlaup sem hefur í nokkur ár verið helsta áhugamál hennar og eiginmannsins, Guðmundar Guðnasonar.

Alma og Guðmundur hlaupa að meðaltali um 50 til 60 kílómetra í viku hverri, ýmist ein sín liðs, saman eða í félagi við fleiri hlaupara. „Við hlaupum með skokkhópi Garðabæjar einu sinni í viku og jafnoft með hlaupahópi ÍR. Þess utan stundum við vikulega jóga til að liðka líkamann og fyrirbyggja að meiðsli hljótist af hlaupinu og reynum að huga aðeins að mataræðinu,“ segir Alma og bætir við að breytt mataræði hafi einmitt orðið til þess að hlaupaáhuginn kviknaði.

„Við ákváðum að taka mataræðið í gegn þegar við bjuggum í Hollandi fyrir nokkrum árum, meðal annars til að léttast aðeins. Upp frá því fórum við líka að sækja leikfimitíma og skokka okkur til heilsueflingar,“ rifjar Alma upp og segir þau hjón hafa haldið því áfram eftir heimkomuna til Íslands. „Gummi varð fyrri til að taka þetta föstum tökum, með þátttöku í maraþoni í Kaupmannahöfn 2007. Eftir það fór ég að hlaupa af krafti, þótt ég leggi ekki alltaf í sömu veglengdir og hann. Held mig bara við hálfmaraþonin og því um líkt í bili, en stefni þó á fyrsta maraþon 2010.“

En eru svona mikil hlaup ekki of mikil áreynsla á líkamann? „Nei, þetta er alls ekkert hættulegt ef rétt er að staðið. Að minnsta kosti ekki hafi maður þjálfað sig upp í að hlaupa þessar vegalengdir. Það er til dæmis mikilvægt að auka þær ekki um meira en tíu prósent á viku. Sama gildir um hraðann. Æskilegt er að auka hann ekki um meira en tíu prósent á viku,“ segir hún og bendir á að árangurinn sé mikill. „Nú vaknar maður ekki öðruvísi um helgar en að fara út og hlaupa 20 kílómetra. Manni líður bara rosalega vel bæði á meðan og eftir hlaupið vitandi að maður hefur gert eitthvað gott fyrir sjálfan sig,“ segir Alma glöð í bragði.

*roald@frettabladid.is*





**MEÐGÖNGUSUND** er sundleikfimi fyrir barnshafandi konur. Sundið hefur reynst vel gegn ýmsum kvillum á meðgöngunni. Sundið er til að mynda kennt í lauginni á Hrafnistu í Reykjavík en kvöldtíma er hægt að sækja á Reykjalundi í Mosfellsbæ. www.medgongusund.is

# Fordómar eru lífseigir

**Fordómar gegn geðsjúkum eru staðreynd á Íslandi. Um það bera niðurstöður stórrar könnunar vitni, að sögn Sigrúnar Ólafsdóttur, lektors við háskólann í Boston, og Jóns Gunnars Bernburg, dósents við HÍ.**



„Að tilheyra hópi sem er brennimerktur í samfélaginu hefur þau áhrif að fólk einangrar sig," segja Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. Þau kynna í dag niðurstöður einnar stærstu rannsóknar á fordómum í garð geðsjúkra sem gerð hefur verið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Hér á landi eru umtalsverðir fordómar og neikvæðar staðalímyndir gagnvart fólki með geðræn vandamál. Talsverður hluti þjóðarinnar telur að slíkt fólk sé hættulegt, því sé ekki treystandi og það sé óútreiknanlegt. Þetta eru hugmyndirnar. En við erum ekki þjóða verst, því ef við horfum á alþjóðlega samanburðinn þá kemur í ljós að fordómar eru töluvert útbreiddari í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við." Þetta segir Jón Gunnar sem ásamt Sigrúnu mun kynna niðurstöður stórrar rannsóknar í hátíðarsal Háskóla Íslands í dag á ráðstefnu sem Hugarafl stendur fyrir ásamt félags-og mannvísindadeild HÍ, Félagsfræðingafélagi Íslands og Geðlæknafélaginu.

„Könnunin var gerð árin 2006 og 2007 samtímis í fimmtán þjóðlöndum. Hér á Íslandi voru tekin 40 mínútna viðtöl við um þúsund manns sem valdir voru af handahófi. Við erum í fyrsta sinn komin með gögn sem sýna okkur hversu miklir fordómar eru á Íslandi gagnvart geðrænum vandamálum og við getum borið okkur saman við önnur lönd. Á ráðstefnunni munum við leggja sérstaka áherslu á íslensku niðurstöðurnar og svo setja þær í alþjóðlegt samhengi," lýsir Sigrún. Í könnuninni kemur fram að Ísland er meðal fimm fordómaminnstu þjóðanna sem þátt tóku. Mestu fordómana er að finna í Bangladesh og á Kýpur en Þjóðverjar eru meðal þeirra umburðarlyndustu þegar á heildina er litið.

Sigrún og Jón Gunnar segja fordóma hafa mjög neikvæð áhrif á sjálfsmynd fólks með geðræn vandamál og þar með lífsgæði. „Að tilheyra hópi sem er brennimerktur í samfélaginu verður til þess að fólk einangrar sig til að forðast að verða fyrir höfnun," lýsir Jón Gunnar og Sigrún nefnir að þegar svarendur í könnuninni telji að geðræn vandamál séu sjúkdómur dragi það ekki úr fordómum. „Sjúkdómsstimpillinn eykur frekar fordóma en hitt og góð menntun almennings og afkoma minnkar þá ekki heldur. Gerir þá jafnvel bara flóknari."

En vita þau Sigrún og Jón Gunnar hvers vegna Ísland kemur betur út úr könnuninni en margar aðrar þjóðir? „Við getum ekki sagt að við séum búin að þróa skýringar heldur bara velta vöngum," tekur Jón Gunnar fram og Sigrún tekur við: „Það er auðveldara að breyta hlutum í svona fámennu og einsleitu samfélagi en í stórum og flóknum samfélögum eins og Bandaríkjunum þar sem mikill klofningur er milli þjóðfélagshópa. Aukin umræða hér á landi á síðustu árum hefur átt þátt í að draga úr fordómum og það líklegasta til að eyða þeim er að þekkja einhvern með geðræn vandamál."

*gun@frettabladid.is*

# Hjólað í kulda og byl í vetur

**Hjólamenn þurfa ekki að hætta iðju sinni þótt veturinn beri að garði.**

Margir líta á vetrarkomuna sem óbrigðult tákn þess að tími sé kominn til að læsa reiðhjólin sín inni í geymslu. En þótt allra veðra sé von á Íslandi er engin ástæða til að leggja hjólinu fyrir fullt og allt. Ýmislegt þarf þó að hafa í huga ef fólk ætlar sér að hjóla í vetur.

Dekkin undir hjólin gegna lykilhlutverki og vanda skal valið. Dekk með miklum nöglum eru til að mynda ekki hentug fyrir þá sem hjóla í miðbænum, en þeim mun öruggari fyrir þá sem ætla sér að hjóla í miklum snjó og hálku.

Einnig er mjög mikilvægt að ljósabúnaður reiðhjólanna sé nægilega góður í mesta skammdeginu. Mælt er með að reiðhjólafólk líti við í sem flestum verslunum til að freista þess að finna sem bestan ljósabúnað. Svo er auðvitað mögulegt að panta slíkan búnað að utan á netinu.

Síðast en ekki síst skiptir miklu að klæða sig eftir veðri. Veðrið getur breyst á svipstundu og því er heillavænlegast að vera við öllu búinn.

*- kdk*



Engin ástæða er til að leggja reiðhjólinu alfarið í vetur þótt oft geti orðið snjóþungt hér á fróni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Kynning á
Centering prayer Kyrrðarbæn
verður fimmtudaginn 5. nóvember nk.
kl. 7.30 í Brautarholti 4a, 2. hæð.
Heilunarskólinn
www.heilunarskolinn.is • s. 5551727

Matargerð með ástúð og virðingu
Krúska er matstofa og verslun.
Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð.
Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.
Verið velkomin!
KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG
KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is




Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
mótun
Mótun - Nýtt námskeið í boði!
Æfingakerfi hannað af Báru Magnúsdóttur
Síðustu námskeið fyrir jól!
Innritun hafin í síma 581 3730
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
7 vikna námskeið 2x í viku. Ath aðeins 15 í hóp.
Verð kr: 19.900. Kennari: Bára Magnúsdóttir.
• Vaxtarmótun • Mýkt - liðleiki • Styrkur - reisn • Upphitun í tækjasal 20 mín
• MÓTUN, æfingakerfi 40 mín • Hentar öllum aldursflokkum
Miðvikudaga og föstudaga • Kl 16:20 • Kl 17:00
Þriðjudaga og fimmtudaga • kl 8:30 • kl 10:30
Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Smáauglýsingar
Fréttablaðsins
eru einnig á vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ
vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Næsta námskeið verður 4. nóvember
TÍMALAUS FEGURÐ
HEILSA • ÚTLIT • VELLÍÐAN



Komdu á notalega kvöldstund með Sirrý
og Dr.Hauschka sérfræðingum og fáðu
leiðsögn í því hvernig þú getur viðhaldið
æskublómanum og útgeisluninni.
Komdu, smakkaðu, prófaðu
og láttu dekra við þig.
15% afsláttur af Dr. Hauschka snyrtivörum
Leiðbeinandi: Sigríður Arnardóttir
Verð: 1.500 kr.
Námskeiðið verður haldið miðvikudaginn 4. nóvember kl. 20-22 í Yggdrasil, Skólavörðustíg 16, 101 R. Upplýsingar og skráning eru á netfanginu yggdrasill@yggdrasill.is eða í síma 562 4082.
Dr.Hauschka Skin Care
Dr.Hauschka vörur eru unnar úr virkum lífrænum náttúrulækningajurtum.



### Trjáfellingar!
Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, uppgjör, ársreikningar, launavinnslur. Mjög öflugur bókhalds- og uppgjörsaðili getur bætt við sig verkefnum. S. 772 55 33 Info@betrabokhald.com

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**ERU SKOLPLAGNIR BILAÐAR?**
**Endurnýjum skolplagnir með nýrri tækni, ástandsskoðum skolplagnir með röramyndavél. Kíktu á nylogn.is Uppl. í síma 893 9229.**




### smidaland.is
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

### Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir-Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar kristjan@flisaverk.is S: 898 4990.

### KRS. Múrverktakar
Stofnað 1987. Flísalagnir, flotun, sprunguviðgerðir, tröppuviðgerðir. Vönduð vinna. S. 899 4254.

### Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598. .

### Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Setjum upp jólaljós í garða og hús. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Þarf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

### Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Excellent whole body massage for you. S. 8227301

### NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

## Spádómar

**Steinunn 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opið 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro**

**Spásími Daddýar 846 6364.**
**Opið frá kl. 12-24 alla daga. Ekkert mínútugjald Visa/Euro**

**Spálínur Sjáandans**
**Opið virka daga Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim**
**Sibba 908 2507 kl. 22-24**
**Spádómar og ráðgjöf**

**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**
**Einkatímar.**
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

Óska eftir góðum trésmið í skemmtilegt ca mánaðar verkefni. Þarf að koma strax. Síminn er 896 9777.

## Önnur þjónusta



### GreenHouse
Haust-vetrarlína GreenHouse. Verið velkomin að sækja fríann bækling. Opið í dag þriðjudag kl. 13-19. GreenHouse Rauðagerði 26.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




### Þjófavarnirnar komnar aftur!
Nú einnig hægt að fá með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.-

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

### Seyma
Lagerhreinsun verður í kjallaranum að Vesturgötu 4. 50% afsláttur. Aðeins í 5 daga. Opið 9-16 S. 562 2707.

Ískápur á 15þ., frystiskápur á 20þ., þvottavél á 20þ., stór amerísk á 30þ., stór þurrkari á 30þ., þvottavél + þurrkari á 25þ., 14" tv á 5þ., bílageislaspilari á 8þ., barnakerra á 4þ., stál vaskur á 5þ., dráttarkrókur á 5þ., S. 896 8568.

7 blóm myndir, krónur 770.000.000.000.000.000.000.000,00. Krónur. Edda. S. 552 5880.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

Kaupi notaða skartgr, upphlutssilfur. gr hæðsta v. á markaðnum f. gull. Ekki notað f. bræðslu. Borga hátt v. f. jólaskeiðar og ísl.muni. Einnig óskast saumavél. s. 694 5751.

Vil kaupa nýlega þvottavél og þurrkara. Uppl. í S 896 6744.

## Hljóðfæri

til sölu. Shure SM48 míkrófónn og Samson S1500 kraftmagnari hann er 2x750 wött á 4ohms. fæst fyrir lítið. fusi 8668720

## Vélar og verkfæri




## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

Framleiðum setrusviðarklæðningar með bandsagaðri áferð í þeim prófíl sem þú óskar. Timbursmiðjan 8996778.

## Verslun



Tunica 9.900 kr. Var að taka upp str 42-56. Emilía Bláu húsin Faxafeni www.clamal.is s: 588-9925

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



### TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

### J. B. HEILSULIND Dekurdagar?
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Notalegt nudd! Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

Gott nudd - good massage. S. 849 3484 & 892 9576.

Ódýrir og vandaðir ferðanudd- og óléttubekkir til sölu. Nemaafsl. 891 6447 Óli.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla , Akstursmat , Endurtökupróf Uppl. í s. 893 4515

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu glæsilegt Ítalskt ljóst leðursófasett lítið notað einnig leðurhvíldarstóll með rafmagnsnuddi. Sanngjarnt verð. S: 893 5030 og 843 9950.

## Antík

Til sölu. Antik borðstofuhúsgögn skeinkur, 2 rúm með gafli, vel með farinn minkapels og margt fleira. Hagstætt verð. upplýsingar í síma 561-4641

## Dýrahald

Am.cocker hvolpar til sölu. HRFI ættb. www.morgundaggar.bloggar.is eða 865 7830.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Góð 2ja her. íbúð í 109 Rvk.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, gardínur og öll ljós. www.heimahagar.is Upplýsingar í síma 772 7553**

## Þjónusta




## Til sölu



**Ný 3ja herb. íbúð í Hfj.**
Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.
www.heimahagar.is
Upplýsingar í síma 772 7553

**www.leiguherbergi.is**

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is

**Stúdíóíbúð**
Til leigu í Seljahverfi, 35fm með hita, rafm. og interneti inniföldu. Leiguv. 60þ. Langtímal. Kyrrlátur og fallegur staður. S. 897 9810.

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 59 þ. S. 824 6692.

Góð 3ja herb. 79 ferm. íbúð í Fossvogi til leigu. Einungis reglusamir og skilvísir leigjendr koma til greina. Áhugasamir sendið fyrirspurn á: leiga108@gmail.com.

ROOM FOR RENTw/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND 111 AND 109 BREIÐHOLT 8973611

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

2 herbergja vesturberg 195 kr 70000 tveir mánuðir fyrirfram 60 fermetrar sér inngangur hundar og kettir velkomnir húsnæðið er ekki samþykkt sem íbúðarhúsnæði og fást þarf leiðandi ekki húsaleigubætur 896 0242 kl 10 til 18.00 en ekki á öðrum tímum

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu nokkur herb. í 101 Rvík. m/ aðgang að eldhúsi, baði, þvottaaðs. m/adsl. V. 30-40 þús. S. 849 8992

Einstaklingsíbúðir/ herbergi til leigu í hverfi 101. Uppl. í s. 694 6396 og 661 1247 á milli kl. 17-21 alla virka daga.

Lítil einstaklingsíbúð. með öllu í Hjallahverfi kóp. Uppl. í s. 863 0415.

Lítil stúdíó íbúð í Miðb. Rvk. húsg. fylgja. Leiga 50þ. með hússj. S. 895 0482.

170 fm einbýl.hús. 5 herb. í Garðab. til leigu strax, má vera með dýr. Einnig 2 stór herb.m/öllu til leigu. Uppl. í s. 615 4775.

43fm stúdíóíbúð í 111 með sérinng., sólpallur. Uppl. í s. 557 5058 & 866 4754

## Húsnæði óskast

Ung stúlka óskar eftir lítilli íbúð í kóp/ hfj. Reglusemi heitið. Uppl. í s. 696 8375.

Árbær, Ártúnsholt, 43 ára kk, reyklaus og reglusamur fjölskyldumaður óskar eftir 2-4 herbergja íbúð sem fyrst. Skilvísar greiðslur og góð umgengni. Sími 694-3344.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**Sparaðu þér sporin**
Sparaðu þér sporin Upphituð geymsla fyrir bíla, ferðavagna, mórorhjól og báta í pósnúmeri 105 Reykjavik. Uppl í síma 824-8425

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr til leigu í Reykjavík. Uppl. í s. 896 6655.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Viltu vinna hjá góðu og rótgrónu fyrirtæki?**
**Kringlukráin óskar eftir að bæta við sig starfsmann í ræstingu 40% - 60% starf fyrir hádegi. Aðeins íslensku-mælandi umsækjendur koma til greina. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is eða S.893-2323**

Ef við getum kennt þér að skapa góð mánaðarlaun á tveim mánuðum, er þá ekki þess virði að skoða málið? Sendu nafn og símanúmer á: frelsi@hive.is og við höfum samband.

## Atvinna óskast

**Vantar þig smið?**
Húsgagna smiður. Hefur mikla reynslu af trésmíði, þakviðgerðir, parket, inniveggir ofl. S. 865 7293.

Tvær góðar stelpur frá Póllandi með reynslu að vinna á hótelum óska eftir vinnu, þrífa hús og fleira. S. 845 7802.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál



**Konur í ævintýraleit ath!**
Rauða Torgið Stefnumót kemur þér fljótt og örugglega í sambandi við karlmennina sem þú vilt kynnast. Þú auglýsir og spjallar frítt í s. 555-4321. Karlar heyra auglýsingar kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

**Símadömur 908 1616**
**okkur langar að heyra í þér !**



Dömurnar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem njóta þess að daðra við karlmenn í síma. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).



**Samkynhn. KK ath:**
Nú er mikið af auglýsingum samkynhneigðra karlmanna á Rauða Torginu Stefnumót, sem leita bæði skemmri og lengri kynna. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en heyrir auglýsingar annarra í s. 905-2000 og 535-9920.

## Atvinna

**Pípulagningamenn** ÍAV

ÍAV óska eftir að ráða til starfa vana pípulagningamenn og starfsmann í steinsögun/kjarnaborun. Um er að ræða störf á höfuðborgarsvæðinu.

*Upplýsingar veitir Snæbjörn R. Rafnsson, fagstjóri pípulagna í síma 660-6201. Umsóknir berist um heimasíðu www.iav.is fyrir 9. nóvember 2009.*



www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

**PRESSAN**
www.pressan.is

**Pressan auglýsir eftir dugmiklu starfsfólki**

- **Auglýsingahönnuður**
  Reynsla af Photoshop og Flash skilyrði. Vefhönnun, auglýsingahönnun og vefsíðugerð.
- **Fulltrúi á skrifstofu**
  Ritvinnsla og umsjón með föstum dálkum á Pressunni, símsvörun, skipulagning og margvísleg tölvuvinnsla.

**Frumkvæði** og sjálfstæð vinnubrögð skilyrði.
**Pressan er** líflegur og skemmtilegur vinnustaður þar sem jafnan er unnið undir miklu álagi.
**Taktu þátt** í að byggja upp nýtt og spennandi fjölmiðlafyrirtæki.

**Starfsumsóknir með ferilskrá sendist á Arnar Ægisson, framkvæmdastjóra, á netfangið arnar@pressan.is fyrir 7.nóvember.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## Fasteignir

**TIL SÖLU**



**Sumarbústaður við Valhallarstíg á Þingvöllum til sölu. Einstök staðsetning með virðulegri aðkomu og undurfögru útsýni yfir vatnið.**

Þessi virðulegi bústaður var byggður 1929. Húsið er 125 fm og er á tveimur hæðum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað gegnum árin. Lóðarstærð: 5600fm. Tilboð óskast. Hægt er að nálgast frekari upplýsinga á netfangi: gammak@simnet.is

## Fasteignir

**Verð 20,8**



**Eignatorg** Sími 510 3500

**Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.**
**Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali**

**Eignatorg kynnir:** Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 90 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli í Árbænum. Nánari lýsing: Komið er inn í forstofuhol með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með nátturuflísum á gólfi, fallegri, hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Sér Svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi, flísum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og tengi fyrir þvottavél. Herbergi með plastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til vesturs og hurð út á vestursvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús. Verð 20,8

**Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is**



Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is

## Lagersala

# LAGERSALA



BESTA VERÐIÐ
ÖRYGGISSKÓR
Verð frá kr. 6.500



grisport

**Mikið úrval af ódýrum skóm á alla fjölskylduna**

Opið virka daga 12:00 - 18:00 - laugardaga 12:00 - 16:00

Light Step
Gabor
xena

**Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík**
**Allar upplýsingar í síma 517-2040**

## Tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær

**Breyting á deiliskipulagi Hafnarfjörður Miðbær 1981, Gunnarssund 9 í Hafnarfirði**

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 20. október 2009, að auglýsa tillögu um breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjörður Miðbær 1981, Gunnarssund 9 í Hafnarfirði skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóðar nr. 9 við Gunnarssund er hækkað úr 0.45 í 0.75 og flatarnýting aukin úr 0.25 í 0.4 sem er í samræmi við aðrar litlar lóðir á reit 16 í gildandi skipulagi. Þakhalli húss verður 40°.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 22. október 2009 - 20. nóvember 2009. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 7. desember 2009. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**- Sameiginlegt mat umhverfisáhrifa. Ákvörðun Skipulagsstofnunar.**

Skipulagsstofnun hefur á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 tekið ákvörðun um að **framkvæmdin Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi,** skuli ekki metin með öðrum framkvæmdum sem henni eru háðar og/eða eru á sama svæði.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **4. desember 2009.**

**Skipulagsstofnun.**

**DOLPH LUNDGREN FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Ég fæ yfirleitt eitt ör við tökur á hverri mynd.“*

***Leikarinn Dolph Lundgren er þekktastur fyrir hlutverk sín í gæðamyndunum Rocky IV og Universal Soldier. Á næsta ári lítur dagsins ljós ný mynd með kappanum, The Expandables, sem mun skarta helstu hasarmyndahetjum níunda áratugarins í aðalhlutverkum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. NÓVEMBER 1968

## *Alþýðubandalagið verður flokkur*

Alþýðubandalagið var fyrst gert að formlegum stjórnmálaflokki á landsfundi dagana 1. til 3. nóvember 1968.

Alþýðubandalagið var stofnað í Reykjavík 4. apríl 1956 sem eins konar stjórnmálaarmur Alþýðusambands Íslands fyrir alþingiskosningar sama ár. Þótt samtökin væru fyrst um sinn ekki kosningabandalag eða raunverulegur stjórnmálaflokkur buðu þau fram lista í öllum alþingiskosningum og bæjarstjórnarkosningum frá stofnun þeirra.



Ólafur Ragnar Grímsson kosinn formaður Alþýðubandalagsins árið 1987. Guðrún Katrín Þorbergsdóttir samfagnar.

Þegar Alþýðubandalagið var síðan gert að formlegum stjórnmálaflokki tólf árum seinna sögðu tveir af forystumönnum flokksins, þeir Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson, sig úr honum og stofnuðu Samtök frjálslyndra og vinstri manna.

Alþýðubandalagið átti síðar þátt í stofnun Samfylkingarinnar, ásamt Alþýðuflokknum, Samtökum um kvennalista og Þjóðvaka árið 1998. Einstaka þingmenn innan flokksins sættu sig þó ekki við það fyrirkomulag og stofnuðu eigin stjórnmálaflokk, Vinstri hreyfinguna - grænt framboð.

## MERKISATBURÐIR

1493 Kristófer Kólumbus kemur auga á eyjuna Dóminíku í Karíbahafinu.

1534 Alessandro Farnese verður Páll 3. páfi.

1591 Giovanni Antonio Facchinetti verður Innósentíus 9. páfi.

1660 Kötlugos hefst og fylgja því miklir jarðskjálftar og jökulhlaup. Gosið stendur fram á vetur.

1928 Tyrkir taka upp latneskt stafróf í stað hins arabíska.

1951 Íslenska kvikmyndin Niðursetningurinn eftir Brynjólf Jóhannesson er frumsýnd.

1978 Megas heldur fræga tónleika í Menntaskólanum við Hamrahlíð undir heitinu Drög að sjálfsmorði.



†

*Elskuleg eiginkona mín,*

**Edda Pétursdóttir LeMay**

frá Sauðárkróki,
búsett í Orlando, Florida,

lést á South Miami Hospital fimmtudaginn 22. október síðastliðinn.

f.h. fjölskyldunnar, Raymond LeMay.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Baldursdóttir**

frá Kirkjuferju, Ölfusi,

lést að morgni 31. október á Hrafnistu í Hafnarfirði. Jarðarförin auglýst síðar.

Sigríður Auðbjörg Jónasdóttir — Magnús Arthúrsson
Þórunn Margrét Jónasdóttir — Óli Vignir Jónsson
Sólveig Jóna Jónasdóttir — Jón Ingvar Haraldsson
Þórður Kristinn Jónasson — Hjördís Pálmarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Guðlaug Guðjónsdóttir**

áður til heimilis í Njörvasundi 14, Reykjavík,

er látin. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 11.00.

Þuríður V. Lárusdóttir — Ari Leifsson
Þórdís Lárusdóttir — Rúnar Lárusson
Erla Ósk Lárusdóttir
Jóhannes I. Lárusson — Guðrún Reynisdóttir
Sveinbjörn Lárusson — Arnfríður L. Guðnadóttir
Halla Jörundardóttir
barnabörn, barnabarnabörn og systkini.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Lis Pálsson**

Eskihlíð 8a, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 29. október. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 4. nóvember kl. 15.00.

Zóphónías Pálsson
Páll Zóphóníasson — Áslaug Hermannsdóttir
Hjalti Zóphóníasson — Sigrún Haraldsdóttir
Bjarki Zóphóníasson — Ulrike Baierl
Margrét Zóphóníasdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

**FYRSTU UMFERÐARLJÓSIN:** TEKIN Í NOTKUN FYRIR 60 ÁRUM Á ÍSLANDI

# Miklar framfarir átt sér stað

Nú eru liðin 60 ár frá því fyrstu umferðarljósin voru tekin í notkun á Íslandi. Frá þeim tíma hafa miklar breytingar átt sér stað. Fjöldi umferðarljósa og fjöldi bíla hefur margfaldast og einnig hafa átt sér stað gríðarlegar tækniframfarir. Í dag er um helmingur umferðarljósa samstilltur um miðlæga stjórntölvu og með hjálp skynjara eru ljós aðlöguð umferðarþunga hverju sinni.

Fyrstu umferðarljósin voru sett í hjarta Reykjavíkur, á gatnamót Austurstrætis og Pósthússtrætis. Dagbjartur Sigurbrandsson, verkefnastjóri miðlægrar umferðarstýringar í Reykjavík, var umsjónarmaður umferðarljósa í Reykjavík í 39 ár. Eitt af fyrstu verkefnum hans var að taka fyrstu umferðarljósin niður. Dagbjartur minnist þess eins og það hafi gerst í gær.

„Ég var þá nýkominn af námskeiði hjá framleiðanda umferðarljósanna í Englandi þar sem ég kynntist rafmagnsverkfræðingunum sem tengdust þessum ljósum sem voru sett upp 2. nóvember 1949. Ég fékk það verkefni að taka þessi ljós niður 12. ágúst 1975, ári eftir að ákveðið var að breyta Austurstræti í göngugötu að undirlagi Birgis Ísleifssonar borgarstjóra. Þetta var alfarið pólitísk ákvörðun, sem byggði á þeim draumi að breyta Austurstræti í yfirbyggða göngugötu.“

Dagbjartur segir að sjálf umferðarmenningin hafi síðan verið kapítuli út af fyrir sig. Hún hafi að mestu verið með ágætum þótt fólki hafi gengið misvel að laga sig að tækniframförum eins og gengur og gerist. „Ég minnist sérstaklega þess þegar fyrstu gangbrautarljós voru tekin í notkun við Grímsbæ í Reykjavík. Ég var mikið á vettvangi að kenna fólki, einkum skólabörnum, að umgangast þau. Eitt sinn kom þar kona aðvífandi og gekk yfir götuna á rauðu ljósi til móts við mig þannig að bílstjórarnir nauðhemluðu til að aka ekki á hana. Mér brá vitanlega í brún og gat ekki stillt mig um að spyrja hvers vegna hún hafi farið fram hjá börnunum og lögreglunni og yfir. Konan svaraði þá sallaróleg: „Ég þarf ekkert á þessu að halda, Guð er með mér.“

Fyrstu tíu árin var Dagbjartur einn á vaktinni eins ótrúlega og það kann að hljóma. Hann segist í dag reyndar ekki skilja hvernig hann fór að því. „Ég man ekki eftir að hafa náð fullu sumarfríi á þessum tíma. Ég gat varla hreyft mig án þess að það væri komið í dagblöðin,“ rifjar hann upp og hlær. Eftir að hafa staðið vaktina einn í tíu ár fékk hann liðsauka. Hinrik H. Friðbertsson rafeindavirki, bættist við og hefur tekið við af Dagbjarti sem umsjónarmaður umferðarljósa og hefur tvo rafeindavirkja og einn vélvirkja sér til aðstoðar. Enda þörf á þar sem umferðarljósum hefur fjölgað mikið samhliða bílum í Reykjavík.

En hvernig er staðan nú? „Frá upphafi hafa menn reynt að láta ljósin stjórnast af aðvífandi umferð. Nýtt miðlægt stýrikerfi umferðarljósa var tekið í notkun haustið 2007 til þess að geta brugðist við breytilegu umferðarálagi. Kerfið virkar þannig að menn eiga að lenda á grænu ljósi á nærliggjandi gatnamótum keyri þeir á sama hraða,“ segir Dagbjartur. „Kerfið kostar vitanlega sitt og átti að vera tilbúið árið 2010. Kreppan setti það markmið úr skorðum, en vonandi er að okkur takist að ljúka því sem fyrst að setja það allt upp. Enda brýnt mál að draga úr umferðarálagi og þannig fækka umferðarslysum.“

**roald@frettabladid.is**



**MIKLAR TÆKNIFRAMFARIR** Dagbjartur á gatnamótum Bankastrætis og Lækjargötu þar sem ein fyrstu umferðarljósin voru tekin í notkun hérlendis árið 1949. Það ár voru þrenn umferðarljós í notkun í Reykjavík en nú eru þau 113 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vettlingasöfnun

„Við ætlum að safna vettlingum og gefa Mæðrastyrksnefnd svo engin lítil börn á Íslandi þurfi að vera með kaldar hendur í vetur,“ segir Málfríður Garðarsdóttir í bókaútgáfunni Sölku. En Salka hefur í samstarfi við Eymundsson hrint af stað söfnun á barnavettlingum. Mæðrastyrksnefnd sér svo um að koma þeim til þeirra sem með þurfa.

Málfríður segir hugmyndina hafa komið í framhaldi af útgáfu dagatalsbókarinnar Konur eiga orðið sem Salka gefur út í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd. Góð sala vettlingabókarinnar hafi líka haft áhrif á ákvörðunina.

**- gun**





**SAMSTARF** Bókaútgáfan Salka hefur í samstarfi við Eymundsson hrint af stað söfnun á barnavettlingum.

# Bíódagar í Köben

Menningarmiðstöðin Norðurbryggjan í Kaupmannahöfn stendur fyrir Bíódögum dagana 5. til 26. nóvember. Á hátíðinni verða sýndar nýlegar kvikmyndir frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi og að auki verður boðið upp á spjall við kvikmyndagerðarmenn og áhugaverða fyrirlestra.

Tvær íslenskar myndir í fullri lengd verða sýndar á hátíðinni, en þær eru Brúðguminn eftir Baltasar Kormák og Nói albinói eftir Dag Kára. Einnig verður sýnd stuttmyndin Sigur í tapleik eftir Einar Má Guðmundsson, sem verður viðstaddur sýninguna hinn 12. nóvember.

Nánari upplýsingar má finna á bryggen.dk/biodage.



**BÍÓDAGAR** Nói albinói er meðal þeirra mynda sem sýndar verða á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Sesselja Einarsdóttir

áður til heimilis að Löngumýri 26, Garðabæ,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 29. október. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, Garðabæ, fimmtudaginn 12. nóvember kl. 15.00.

**Edda Sigrún Gunnarsdóttir** **Þórður Sigurðsson**
**Guðrún Gunnarsdóttir** **Sigurjón Sigurðsson**
**Marteinn Gunnarsson** **Ingunn Steinþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Gunnar J. S. Flóvenz

fyrrverandi framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, Kópavogsbraut 88,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. nóvember kl. 15.00.

**Sigrún Ólafsdóttir Flóvenz**
**Ólafur G. Flóvenz** **Sigurrós Jónasdóttir**
**Brynhildur G. Flóvenz** **Daníel Friðriksson**
**Margret G. Flóvenz** **Tryggvi Stefánsson**
**Gunnar Gunnarsson** **Bera Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Gísli Þór Sigurðsson

rafvirkjameistari, Hraunbæ 103, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum Fossvogi að morgni mánudagsins 26. október, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 5. nóvember kl. 15.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Sigurður Gíslason** **Sigrún Einarsdóttir**
**Sigurbjörg Gísladóttir** **Hreinn Hjartarson**
**Jón Gíslason** **Ástfríður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

## Svala Árnadóttir

Ekrusmára 1, Kópavogi,

sem andaðist á heimili sínu fimmtudaginn 29. október verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 5. nóvember kl. 15.00.

**Björn Pálsson**
**Margrét Erla Björnsdóttir** **Sverrir Guðmundsson**
**Björn Fannar Björnsson**
**Sandra Dögg Björnsdóttir** **Hafþór Davíð Þórarinsson**
**Bjarki Rúnar Sverrisson**
**Björn Þór Sverrisson**
**og systkini.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Yngvi Magnús Zophoníasson

húsgagnasmíðameistari,

lést á heimili sínu laugardaginn 31. október sl. Útförin fer frá Garðakirkju fimmtudaginn 5. nóvember kl. 11.00.

**Guðrún Björt Yngvadóttir** **Jón Bjarni Þorsteinsson**
**Borgþór Yngvason** **Svanhildur Sigurðardóttir**
**Hafþór Yngvason** **Sarah Brownsberger**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Kær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Yngvi Jónsson

Miðgarði 12, Keflavík,

sem lést á heimili sínu aðfaranótt 28. október, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

**Katrín Árnadóttir**
**Gunnar Már Yngvason** **Ásta Pálína Stefánsdóttir**
**Sigríður Yngvadóttir**
**Hrefna Yngvadóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Eygló V. Hjaltalín

Hrísateigi 27, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 28. október. Jarðarför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 4. nóvember klukkan 13. Blóm eru afþökkuð, en bent er á Kristniboðssambandið eða líknarfélög.

**Vigfús Hjartarson**
**Sigursteinn Hjartarson** **Jytte Hjartarson**
**Pálmi G. Hjartarson**
**Guðmundur B. Hjartarson** **Björg D. Snorradóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Sigurlaug Helgadóttir

Borgarbraut 65, Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju, fimmtudaginn 5. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Gunnar Gauti Gunnarsson** **Edda Soffía Karlsdóttir**
**Guðbjörg Lilja Gunnarsdóttir**
**Sigurlaug Tanja Gunnarsdóttir**
**Árni Gunnarsson** **Sigríður Eva Magnúsdóttir**
**Sólveig Gunnarsdóttir**
**Margrét Gunnarsdóttir**
**Gauti, Daði og Birkir Árni.**

---



†

*Elskuleg móðir mín, dóttir, systir okkar, mágkona og frænka,*

## Elfa Gunnarsdóttir

Strandaseli 5, Reykjavík,

sem lést á kvennadeild Landspítalans mánudaginn 26. október, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. nóvember kl. 13.00. Innilegar þakkir til starfsfólks kvennadeildar Landspítalans fyrir frábæra umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Orri Óli Emmanuelson**
**Ólöf H. Ágústsdóttir**
**Lára Gunnarsdóttir** **Gunnþór Halldórsson**
**Júlíana Gunnarsdóttir** **Jóhann Þór Sigurðsson**
**Lóa Björk Gunnarsdóttir** **Arnar Pálsson**
**Andrés Ágústsson**
**og frændsystkini.**

---



†

*Elsku hjartans dóttir okkar, systir og barnabarn,*

## Guðrún Heba Andrésdóttir,

sem lést á Landspítalanum, fimmtudaginn 29. október, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 6. nóvember klukkan 15.00. Jarðsett verður í Garðakirkjugarði á Álftanesi.

**Andrés Sigmundsson** **Þuríður Freysdóttir**
**Sigmundur Andrésson** **Azadeh Masoumi**
**Sigurjón Andrésson** **Margrét Sara Guðjónsdóttir**
**Agnes Sif Andrésdóttir**
**Ágúst Örn Gíslason**
**Sigmundur Andrésson** **Dóra Hanna Magnúsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---

†



*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

## Arinbjörns Sigurðssonar

skipstjóra, Sóleyjarrima 19.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild 11E og hjá Heimahlynningu Landspítalans.

**Lilja Magnúsdóttir**
**Ólafía Arinbjörnsdóttir**
**Guðmundína Arinbjörnsdóttir** **Emil Þór Sigurlaugsson**
**Magnús Arinbjörnsson**
**Sigurður Arinbjörnsson** **Hulda Hafsteinsdóttir**
**Sigurmundur Arinbjörnsson** **Hugborg Sigurðardóttir**
**afa, langafa og langalangafabörn.**

---

†



*Heittelskaður eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,*

## Þormóður Geirsson

framkvæmdastjóri og lyfjafræðingur Eggertsgötu 8, Reykjavík,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi þann 27. október sl., verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 6. nóvember kl.15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð dætra hans nr. 0301-13-112009 kt. 011278-5079.

**Erla Björk Jónsdóttir**
**Auður Rós Þormóðsdóttir**
**Freydís Lilja Þormóðsdóttir**
**Geir Friðgeirsson** **Kolbrún Þormóðsdóttir**
**Steinunn Geirsdóttir** **Björn Kr. Broddason**
**Nanna Geirsdóttir** **Martin Trier Risom**
**Auður Geirsdóttir**
**Jón Guðlaugsson** **M. Auður Gísladóttir**
**Sif Jónsdóttir og Andrea Jónína Jónsdóttir.**




# Grútarháleistar

Ég er ekki frá því að íslenskir kaupsýslumenn eigi inni afsökunarbeiðni frá mér. Ég vanmat þá, gerði lítið úr hugmyndaflugi þeirra. Á því rúma ári sem nú er liðið frá bankahruninu hélt ég satt best að segja að engar fréttir af svívirðilegum gjörningum og uppákomum gætu lengur komið mér á óvart eða gengið fram af mér. Ég hélt einhvern veginn að toppurinn á úrkynjuninni hefði verið þegar Sigurjón sást graðga í sig gyllta gyltu.

**EN** nei, hópur fólks, stórfjárfestar, tóku þetta skrefinu lengra en ég gat ímyndað mér og skuldsettu börnin sín. Þau tóku lán á nafni barna sinna til að fjármagna stofnfjárbréfakaup í Byr. Það yngsta var eins árs þegar foreldrar þess ákváðu að taka kúlulán upp á nokkrar milljónir í þess nafni.



**Í DV** í gær var rætt við föður tveggja þessara barna. Þetta er satt best að segja hrollvekjandi lesning. „Forsendan á bakvið þetta hjá okkur var sú að bankinn ætlaði bara að ganga að þessum bréfum ef þetta gengi ekki upp og punktur. […] Ef það er engin áhætta í þessu, hvort sem það eru börn eða aðrir, hlýtur að vera ákaflega freistandi að taka slík lán. […] Það vissi enginn hvað myndi gerast […] Bankinn var ekkert að benda okkur á þetta. […] Ég hefði viljað fá ábendingu um að þetta mætti ekki.“

**TAKIÐ** eftir að þetta er ekki skáldskapur; þetta er ekki ýkt háðsádeila eftir Hallgrím Helgason, sem reynir að fanga súrrandi geggjun síðustu ára – til þess væri hún alltof geggjuð til að maður keypti hana. „Nei, nú er Hallgrímur búinn að missa það,“ myndi maður segja, hrista hausinn og fletta yfir á næstu síðu.

**ÞVÍ** miður er þetta ekki sturlað lesendabréf: þetta er maður sem í fullri alvöru er að reyna að *réttlæta* það af hverju hann hætti á að hneppa börnin sín í skuldafangelsi. Hver trúir því að verðbréfaviðskipti séu áhættulaus? Hver trúir því að það samræmist einhvern veginn lögum að stefna fjárhagslegri framtíð barna sinna í voða?

**MÉR** verður ekki oft brugðið, það þarf tiltölulega mikið til að ganga fram af mér. Og ég er ekki gefinn fyrir gífuryrði eða að setja fram stóryrtar yfirlýsingar í hita augnabliksins. Að ígrunduðu máli get ég þó ekki komist að annarri niðurstöðu en að þau sjónarmið sem faðirinn setur fram í viðtalinu við DV séu fullkominn hápunktur þeirrar siðferðilegu rotnunar sem tók sér bólfestu hér. Það hefur aldrei komið jafn skýrt fram af hverju það gat ekki farið öðruvísi en það fór.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott





MÁNUDAGAR
GLEE
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
BIG LOVE
ÞRIÐJUDAGAR
TWO & A HALF MEN
THE BIG BANG THEORY
CHUCK
BURN NOTICE
MIÐVIKUDAGAR
GOSSIP GIRL
GREY'S ANATOMY
MEDIUM
TRUE BLOOD
FIMMTUDAGAR
ELDSNÖGGT MEÐ JÓA FEL
NCIS
FRINGE
FÖSTUDAGAR
AUDDI OG SVEPPI
LOGI Í BEINNI
LOVE GURU
MYSTERY MAN
LAUGADAGAR
FJÖLSKYLDUBÍÓ
MADE OF HONOR
WORLD TRADE CENTER
NEXT
SUNNUDAGAR
SJÁLFSTÆTT FÓLK
FANGAVAKTIN
MENTALIST
NUMBERS
MAD MEN
skemmtilegri
SJÁÐU RESTINA AF FANGAVAKTINNI, JÓLADAGSKRÁ STÖÐVAR 2
OG WIPEOUT
Á AÐEINS
6.490 KR.
VISA
ÓGLEYMANLEG NÓVEMBERKVÖLD
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT - POWER | kl. 5.40, 8 og 10.15 | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE INFORMANT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GAMER | kl. 6 | VIP |
| FAME | kl. 5:50 - 8 | L |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8 SÍÐ SÝN | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 10 SÍÐ SÝN | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE INFORMANT | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6:15D | L |
| ORPHAN | kl. 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8:30 SÍÐ SÝN | 12 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 6:15 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| FAME | kl. 8 | L |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ JÁ - 118
HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR

NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 / HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| SMÁRABÍÓ | | | HÁSKÓLABÍÓ | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L | THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THIS IS IT LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L | ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| ZOMBIELAND | kl. 6 - 8 - 10 | 16 | CAPITALISM | kl. 6 - 9 | 7 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L | JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L | GUÐ BLESSI ÍSLAND SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 5.45 | L |
| 9 | kl. 4 | 10 | | | |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 | | | |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR OMFL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 / REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| BORGARBÍÓ | | | REGNBOGINN | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 | WANTED AND DESIRED | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| JÓHANNES | kl. 5.40 - 8 - 10 | L | ZOMBIELAND | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.40 | 16 | BROKEN EMBRACES | kl. 9 | 12 |
| | | | STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |


Tónlist ★★

**Your Secrets Are Safe With Us**

Hoffman

## Sæmileg frumraun



Hoffman frá Vestmannaeyjum spilar hressilegt popprokk í anda sveita á borð við Interpol og The Killers. Fyrsta lagið Ride & Light er grípandi og þéttur rokkari sem heldur alveg til enda. Annað lagið, Blow, er einnig gott. Platan dalar eftir því sem á líður en undantekningin er Royal Face; fyrirtaks afþreying sem svipar nokkuð til Smashing Pumpkins þegar hún var upp á sitt besta. Hoffman sýnir einnig á sér rólegar hliðar á plötunni en lokalagið, We Are Numb, er veikt og skilur lítið eftir sig. Hljóðfæraleikurinn er annars mjög góður víðast hvar og gítarpælingarnar margar snjallar. Þessi plata er ágætis frumraun en góðu lögin eru því miður of fá.

Freyr Bjarnason

**Niðurstaða:** Hressilegt rokk og ról sem byrjar vel en dalar eftir því sem á líður.

# Ricci finnur ástina á ný



**Leikkonan Christina Ricci hefur fundið ástina á ný, nokkrum mánuðum eftir að hún sleit trúlofun sinni og Owen Benjamin. Nýi maðurinn heitir Curtis Buchanan og er ljósmyndari. Ricci hætti með Benjamin í júní og kynntist Buchanan tveimur mánuðum síðar. Nú hafa þau verið saman í þrjá mánuði og Ricci er ástfangin upp fyrir haus.**

CHRISTINA RICCI

# Stjörnufans á frumsýningu

**Leikritið Fjölskyldan var frumsýnt í Borgarleikhúsinu á föstudaginn. Margir þekktir einstaklingar létu sjá sig og skemmtu sér vafalítið vel yfir þessari dramatísku sögu.**

Söguþráður Fjölskyldunnar er á þann veg að ættfaðir hverfur sporlaust og fjölskylda hans safnast saman á ættaróðalinu. Smám saman tekur hvarfið á sig skýrari mynd en um leið leita gömul leyndarmál og heitar ástríður upp á yfirborðið.

Leikstjóri verksins er Hilmir Snær Guðnason og helstu leikarar eru Sigrún Edda Björnsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Pétur Einarsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Nína Dögg Filippusdóttir. Tónlistin er í höndum KK.



**HEMMI OG LINDA** Hermann Gunnarsson og fegurðardrottningin Linda Pétursdóttir mættu á frumsýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og eiginkona hans, Inga Jóna Þórðardóttir, voru á meðal gesta.



Birgitta Mikaelsdóttir, leikkonan Sara Margrét Nordahl úr Fangavaktinni og Guðrún Daníelsdóttir voru svartklæddar á Fjölskyldunni.



Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir voru hressar á frumsýningunni.





MEGAVIKA
2. – 8. nóv. 2009
ALLAR PIZZUR
1.290 kr.*
Ef þú sækir
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Coca-Cola
58·12345
www.dominos.is
Domino's Pizza

## > Gunnlaugur spjallar við stuðningsmenn

Hinn nýráðni þjálfari karlaliðs Vals í fótbolta, Gunnlaugur Jónsson, mun spjalla við stuðningsmenn félagsins í kvöld ásamt meðlimum í stjórn knattspyrnudeildar. Gunnlaugur mun á fundinum fara yfir verkefnin sem eru fram undan og síðan mun hann svara spurningum stuðningsmanna. Fastlega er búist við ágætri mætingu enda Valsmenn forvitnir að heyra framtíðarsýn nýja þjálfarans. Svo er einnig ósvarað mörgum spurningum um leikmannamál félagsins og mega stjórnarmenn og Gunnlaugur fara að búa sig undir að svara mörgum spurningum. Fundurinn hefst klukkan 20.30 í kvöld og fer fram í Lollastúkunni.



sport
sport@frettabladid.is

ÍSLENDINGAFÉLAGIÐ KASSEL Í ÞÝSKALANDI: REKSTRARFÉLAGIÐ GJALDÞROTA OG ÓVISSA UM FRAMHALDIÐ

# *Síminn er enn opinn og það er hiti á ofnunum*



Framtíð þýska handknattleiksfélagsins Kassel er ekki björt. Aðalstyrktaraðili félagsins, tryggingafélagið MEG, er gjaldþrota en 95 prósent tekna félagsins komu frá MEG. Rekstrarfélagið í kringum Kassel var á sama tíma keyrt í gjaldþrot og óvissa er með framtíð félagsins.

„Það eru allir öruggir um tekjur næstu þrjá mánuðina. Það fá því allir greitt út árið en hvað gerist eftir það er óljóst," sagði Aðalsteinn Reynir Eyjólfsson, þjálfari félagsins, en með liðinu leika Íslendingarnir Jóhann Gunnar Einarsson, Guðjón Finnur Drengsson og Daníel Berg Grétarsson.

„Félagið ætlar ekki að gefast upp og leitar nú að nýjum styrktaraðilum. Það er þó ljóst að stóru draumarnir, að komast upp í úrvalsdeild árið 2012, eru horfnir. Það verður ekki til fjármagn í að ná því. Leikmenn sem vilja vera hér áfram þurfa væntanlega að gera það á ódýrari samningum og það þarf að móta nýja og hógværari stefnu miðað við ástandið í dag," sagði Aðalsteinn en nú þegar hefur launahæsti leikmaður liðsins, sem jafnframt er fyrirliði, flúið og samið við annað lið.

„Þeir sem fá betra tilboð munu fara. Það er raunveruleikinn í dag. Þetta hefur þegar haft þau áhrif að leikmenn hafa þurft að skila bílunum sínum en eru öruggir með íbúðirnar. Ég er persónulega ekkert farinn að örvænta enda er síminn enn opinn og það er hiti á ofnunum," sagði Aðalsteinn.

Þetta er í annað sinn sem Aðalsteinn lendir í svona aðstæðum en hann þjálfaði áður þýska kvennaliðið Tus Weibern sem fór einnig í þrot.

„Ég hét sjálfum mér því að fara ekki aftur í umhverfi sem væri ótryggt. Þetta átti ekki að vera þannig. Hér var nóg af peningum og allir á Ferrari og Porsche. Mann grunaði aldrei að það væru einhverjir rekstrarerfiðleikar í gangi hjá þessu fyrirtæki. Hér var alltaf staðið við alla samninga og það er áfall að geta ekki klárað þetta metnaðarfulla verkefni. Síðustu dagar hafa verið mikill rússíbani og maður er enn að átta sig á þessu hreinlega."

## ÚRSLIT

*IE-deild karla:*

**Grindavík-Hamar 77-87 (29-41)**
Stig Grindavíkur: Þorleifur Ólafsson 32, Páll Axel Vilbergsson 11, Brenton Birmingham 10 (10 fráköst), Arnar Freyr Jónsson 8, Björn Brynjólfsson 6, Guðlaugur Eyjólfsson 6, Ómar Sævarsson 2, Ólafur Ólafsson 2.
Stig Hamars: Andre Dabney 34, Marvin Valdimarsson 21, Svavar Pálsson 12, Viðar Hafsteinsson 10, Páll Helgason 6, Oddur Ólafsson 2, Ragnar Nathanaelsson 2.

**FSu-Keflavík 63-75 (24-42)**
Stig FSu: Corey Lewis 20 (10 fráköst), Chris Caird 16, Dominic Baker 9, Jake Wyatt 8, Alexander Stewart 4, Orri Jónsson 3, Hilmar Guðjónsson 2, Ari Gylfason 1.
Stig Keflavíkur: Rashon Clark 24 (12 fráköst). Sigurður Þorsteinsson 15 (10 fráköst), Gunnar Einarsson 14, Gunnar Stefánsson 6, Davíð Jónsson 6, Axel Margeirsson 3, Elentínus Margeirsson 3, Þröstur Jóhannsson 2, Sverrir Sverrisson 2.

**Snæfell-Fjölnir 109-79 (62-41)**
Stig Snæfells: Hlynur Bæringsson 32 (12 fráköst), Sigurður Þorvaldsson 27, Sveinn Davíðsson 17, Jón Ólafur Jónsson 14 (11 fráköst), Kristján Andrésson 7, Emil Jóhannsson 7, Páll Helgason 3.
Stig Fjölnis: Chris Smith 33 (13 fráköst), Garðar Sveinbjörnsson 11, Tómas Tómasson 10, Níels Dungal 8, Ægir Steinarsson 7, Magni Hafsteinsson 6, Arnþór Guðmundsson 4.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Njarðvík** | **5** | **5** | **0** | **419-350** | **10** |
| Stjarnan | 5 | 5 | 0 | 441-374 | 10 |
| **Keflavík** | **5** | **4** | **1** | **430-349** | **8** |
| KR | 5 | 4 | 1 | 446-401 | 8 |
| **Snæfell** | **5** | **3** | **2** | **438-371** | **6** |
| Hamar | 5 | 3 | 2 | 405-404 | 6 |
| **Grindavík** | **5** | **2** | **3** | **411-394** | **4** |
| ÍR | 5 | 2 | 3 | 428-415 | 4 |
| **Tindastóll** | **5** | **1** | **4** | **386-449** | **2** |
| Breiðablik | 5 | 1 | 4 | 368-417 | 2 |
| **Fjölnir** | **5** | **0** | **5** | **349-459** | **0** |
| FSu | 5 | 0 | 5 | 337-475 | 0 |



**GENGUR ILLA** Það er farið að hitna undir Friðriki Ragnarssyni enda gengur ekkert hjá Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Svanasöngur Pellegrini?

**Starf Manuel Pellegrini, þjálfara Real Madrid, gæti verið undir er Madrid mætir AC Milan í Meistaradeildinni. Manchester United tekur á móti CSKA Moskva þar sem Darren Fletcher og Wayne Rooney verða líklega báðir með liðinu.**

**FÓTBOLTI** Stórleikur kvöldsins í Meistaradeildinni er viðureign AC Milan og Real Madrid í San Siro í Mílanó. Liðin eru efst og jöfn í C-riðli. Það lið sem vinnur í kvöld er svo gott sem komið áfram í sextán liða úrslitin.

Hið rándýra lið Real Madrid hefur lent í ýmsum hremmingum það sem af er leiktíð en staða liðsins er samt ekki slæm. Liðið er enn jafnt Milan á toppi C-riðils, er rétt á eftir Barcelona í spænsku deildinni. Það er góður árangur en gott er oftast ekki nóg fyrir félag eins og Madrid. Niðurlægingin gegn Alcorcon og tapið gegn Milan á heimavelli eru á meðal þeirra hluta sem gera það að verkum að starf Manuels Pellegrini, þjálfara Madrid, gæti verið undir í kvöld.

Það hefur sigið á ógæfuhliðina hjá Madrid síðan Cristiano Ronaldo meiddist. Liðið leitaði þá til Kaká sem hefur ekki enn sýnt þau glæsilþrif sem búist var við af honum. Hann þarf að eiga stórleik á sínum gamla heimavelli í kvöld og það gegn sjóðheitu liði AC Milan sem er búið að spila sex leiki í röð án þess að tapa. Eftir brösuga byrjun virðist Brasilíumaðurinn Leonardo loksins vera búinn að finna réttu blönduna.



**Í SJÓÐHEITU SÆTI** Manuel Pellegrini gæti verið rekinn frá Real Madrid tapi liðið gegn AC Milan í kvöld. NORDIC PHOTOS/AFP

„Það er margt jákvætt í gangi hjá okkur og leikirnir okkar segja ákveðna sögu. Þessi leikur gegn Madrid kemur á hárréttum tíma fyrir okkur," sagði Leonardo, þjálfari Milan, en landi hans Ronaldinho á stóra hluta í viðsnúningi Milanliðsins enda er hann að vakna til lífsins af löngum dvala.

„Ég vil alltaf gera mitt besta og er afar hamingjusamur með minn leik upp á síðkastið. Real er sterkt lið með frábærum leikmönnum og þetta verður frábær leikur. Ég veit að við munum spila vel," sagði Ronaldinho brattur og hafði innistæðu fyrir því að þessu sinni.

Wayne Rooney æfði ekki með Man. Utd í gær og var óvissa um þátttöku hans í leiknum gegn CSKA Moskva í dag. Eiginkona hans fæddi þeirra fyrsta barn í gær þannig að Rooney ætti að ná leiknum. Sömu sögu er að segja af Darren Fletcher sem er klár eftir meiðsli.

United verður aftur á móti án Rio Ferdinand, Nemanja Vidic, Ryan Giggs og Park Ji-Sung og svo er óvissa með Dimitar Berbatov.

henry@frettabladid.is

### LEIKIR KVÖLDSINS

**A-riðill:**

| | | |
|---|---|---|
| FC Bayern - Bordeaux | | |
| Maccabi Haifa - Juventus | | |

**B-riðill:**

| | | |
|---|---|---|
| Man. Utd - CSKA Moskva | Sport 3 | |
| Besiktas - Wolfsburg | | |

**C-riðill:**

| | | |
|---|---|---|
| AC Milan - Real Madrid | Stöð 2 Sport | |
| Marseille - FC Zurich | | |

**D-riðill:**

| | | |
|---|---|---|
| APOEL FC - Porto | | |
| Atletico Madrid - Chelsea | Sport 4 | |



**CARRAGHER** Segir að menn megi ekki leggjast í þunglyndi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Jamie Carragher:

## Þetta eru erfiðir tímar

**FÓTBOLTI** Jamie Carragher, varnarmaður Liverpool, segir að slæmt gengi liðsins særi sig persónulega. Hann segir samt að leikmenn liðsins megi ekki missa móðinn.

Carragher var rekinn af velli um helgina er Liverpool tapaði fyrir Fulham. Það var sjötta tap Liverpool í sjö leikjum. Fram undan er leikur gegn Lyon í Meistaradeildinni. Tapi liðið leiknum er það hugsanlega úr leik í Meistaradeildinni.

„Þetta eru mjög erfiðir tímar og þetta gengi særir mig. Þetta er afar ólíkt Liverpool. Það eru ekki bara stuðningsmennirnir sem eru svekktir. Leikmennirnir, starfsmennirnir og þjálfarinn finna allir jafn mikið til," sagði Carragher.

„Við verðum að komast aftur í gang gegn Lyon. Það er enn einn risaleikurinn hjá okkur. Við bættum aðeins fyrir mistökin gegn United en síðan hafa komið tveir tapleikir í röð," sagði varnarmaðurinn svekktur.

„Engir nema við leikmennirnir á vellinum geta snúið þessu gengi við. Við megum ekki við því að sökkva okkur í eitthvað þunglyndi því við verðum að vera klárir í næsta leik." - hbg


GÓÐIR NOTAÐIR BÍLAR





Kia Sorento EX 2.5 Disel
nýskr 09.2008 ekinn 1.500 km.
sjálfsk. **Verð 4.930.000.**



Kia Sorento EX 2.5 Disel
nýskr 07.2007 ekinn 58.000 km.
beinsk. **Verð 3.290.000.**



Mercedes-Benz ML500 Bensín
nýskr.12.2005 ekinn 77.000 km
sjálfsk. **Verð 5.975.000.**



Mercedes-Benz A180 Disel A/T
nýskr.04.2009 ekinn 3.000 km
sjálfsk. **Verð 4.290.000.**





Kia Carens EX 2.0 Disel
nýskr.11.2007 ekinn 10.000 km
sjálfsk. 7 manna. **Verð 2.690.000.**



Mercedes-Benz E430 4 Matic Bensín
nýskr.03.2002 ekinn 147.000 km.
sjálfsk.**Verð 2.450.000.**
Tilboð 1.990.000.



Nissan Micra Acenta Bensín
nýskr.03.2008 ekinn 17.000 km.
sjálfsk. **Verð 1.790.000.**



MMC Lancer Comfort Bensín
nýskr.02.2005 ekinn 58.000 km.
beinsk. **Verð 1.590.000.**

ASKJA
Bílaumboðið ASKJA ehf • Krókhálsi 11
110 Reykjavík • sími 5902100
www.askja.is

Ronnie Whelan, fyrrverandi leikmaður Liverpool, hefur enga trú á Rafael Benitez, stjóra liðsins:

# Benitez hugsar bara um Meistaradeildina

**FÓTBOLTI** Ronnie Whelan, fyrrverandi leikmaður Liverpool, lýsti því yfir í sjónvarpsviðtali um helgina að hann hefði ekki mikla trú á störfum Rafaels Benitez knattspyrnustjóra.

Liverpool tapaði um helgina fyrir Fulham, 3-1. Það var sjötti tapleikur liðsins af síðustu sjö í öllum keppnum. Benitez hefur einna helst verið gagnrýndur fyrir að taka Spánverjann Fernando Torres af velli í stöðunni 1-1 en hann hafði þá skorað mark Liverpool í leiknum. Skömmu síðar var Yossi Benayoun tekinn af velli.

Steven Gerrard er meiddur sem og aðrir sterkir leikmenn. Andriy Voronin, Philipp Degen og Sotiris Kyrgiakos fengu því tækifæri í byrjunarliðinu.

„Hann sýndi mér að hann vill vinna Meistaradeildina og að það sé það eina sem hann hugsar um,“ sagði Whelan en Liverpool mætir Lyon í Meistaradeildinni annað kvöld á útivelli. Liðið verður að sigra til að eiga von á að komast upp úr riðlakeppninni.

„Hann tók menn út af í leiknum sem gátu unnið leikinn fyrir Livepool. Og það gerði hann eingungis vegna þess að það er leikur á miðvikudaginn,“ sagði Whelan.

„Hann hefur ákveðið að veðja algjörlega á Meistaradeildina. Ef hann tapar leiknum í Lyon kemst liðið væntanlega ekki í 16 liða úrslit. Hann á varla möguleika á enska meistaratitlinum hvort eð er og hefur því klúðrað málunum algerlega.“

Whelan telur að tímaspursmál sé þar til Benitez hætti hjá Liverpool. „Hann vann Meistaradeildina með Liverpool á sínum tíma og ætti því að geta fundið sér starf hvar sem er. En dagar hans hjá Liverpool hljóta að vera taldir.“ - esá



**TEKINN AF VELLI** Hér er Fernando Torres tekinn af velli í leiknum gegn Fulham um helgina. NORDIC PHOTOS/GETTY



**DAGUR SIGURÐSSON** Þjálfar einnig Füchse Berlín í þýsku úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dagur Sigurðsson:

## Leiddi Austurríki til sigurs

**HANDBOLTI** Landslið Austurríkis bar sigur úr býtum á fjögurra liða æfingamóti sem fór fram í Linz um helgina – á sama stað og leikir Íslands í riðlakeppninni í Evrópumeistaramótinu fara fram í janúar næstkomandi. Ísland verður með Austurríki, Danmörku og Serbíu í riðli.

Dagur Sigurðsson er landsliðsþjálfari Austurríkis sem vann fyrstu tvo leiki sína á mótinu, gegn Slóveníu (33-31) og Sviss (26-24). Liðið tapaði svo fyrir Úkraínu, 35-33, sem kom þó ekki að sök þar sem liðið bar sigur úr býtum á mótinu.

Dagur var ánægður með framgöngu sinna manna og sagði þá vel undirbúna fyrir átökin í janúar. „Við verðum tilbúnir,“ sagði Dagur. - esá



**RAGNAR SIGURÐSSON** Hefur spilað í þrjú ár í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/TOMMY HOLL

Áhugi á Ragnari Sigurðssyni:

## Enn engar viðræður við félög

**FÓTBOLTI Håkan Mild, yfirmaður knattspyrnumála hjá sænska úrvalsdeildarfélaginu IFK Gautaborg, segir að erlend félög fylgist vel með landsliðsmanninum Ragnari Sigurðssyni. Hann sé einn þriggja leikmanna félagsins sem séu undir smásjá erlendra liða.**

**„Það eru þó nokkur félög sem hafa sýnt áhuga en enginn þeirra hafa þó hafið viðræður af neinu tagi,“ sagði Mild við sænska fjölmiðla í gær.**

**IFK tapaði fyrir AIK í lokaumferð sænsku deildarinnar um helgina en liðið hefði með sigri orðið Svíþjóðarmeistari. AIK stóð hins vegar uppi sem sigurvegari en liðin mætast að nýju í úrslitum sænsku bikarkeppninnar um næstu helgi.**

**Ragnar var að ljúka sínu þriðja tímabili í Svíþjóð og hefur reglulega verið sagður undir smásjá liða víða um Evrópu.** - esá

Wayne Rooney orðinn pabbi:

## Fékk nafnið Kai Wayne

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney, leikmaður Manchester United og enska landsliðsins, varð pabbi í gær er kona hans, Coleen, fæddi dreng. Fæðingin átti sér stað á sjúkrahúsi í Liverpool en Wayne eldri fæddist sjálfur og ólst upp í borginni.

Coleen var komin níu daga fram yfir áætlaðan fæðingardag þegar drengurinn kom í heiminn, klukkan 14.20 í gær. Talsmaður þeirra hjóna sagði að móður og barni heilsist vel.

Drengnum var gefið nafnið Kai Wayne en þetta er fyrsta barn þeirra hjóna. - esá



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Toni Collette**

„Það skiptir engu máli hve gott ferðalag ég á að baki, mér finnst alltaf best að koma heim.“

*Collette fer með aðalhlutverkið í þættinum United States of Tara sem Skjár einn sýnir kl. 22.35.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI NENNIR EKKI LENGUR AÐ HORFA Á KLISJUKENNT KREPPUKLÁM

# *Krúttlegasta kreppa sögunnar*



Íslendingar eru algjör frík. Það er myndin sem maður getur séð í fjölmörgum innslögum sem hér hafa verið gerð um hrunið og bla bla bla. Það hafa svo mörg svona kreppu-innslög verið gerð að maður er hættur að nenna að horfa á þetta. Það er af sem áður var þegar Íslendingar gleyptu við hinni minnstu athygli sem heimbyggðin sýndi okkur.

Latir fréttamenn hvaðanæva að hafa komið og gert sama innslagið. Þulur stendur við tónlistar- og ráðstefnuhúsið, við hvalskipin eða uppi á Arnarhóli og tilkynnir að allt hafi hrunið í fyrra. Svipmyndir af reiðum múg við Alþingishúsið koma næst og svo kannski óbreyttur alþýðumaður sem segir sína skoðun. Næst er sýnishorn af fulltrúum talandi hausanna sem hér eru til á lager og svo er pakkinn kryddaður með einhverju sniðugu. Kannski kemur álfakonan í Hafnarfirði og bendir á huldufólk í hól eða sýnt er tómt Bláa lónið og biðröðin við McDonald´s. Ergo: Enginn er í Bláa lóninu af því allir eru að kaupa síðasta borgarann á McDonald´s.

Svona er krúttlegasta kreppa sögunnar kynnt í útlöndum. Alltaf glittir í svalt landslag og sætar stelpur, gott ef ekki spúandi hveri líka og brjálað fylliríisfjör í miðbænum. Útkoman, þrátt fyrir meint volæði, er því frábær landkynning og aukið ferðamannastreymi.

Útlenda kreppuklámið segir manni að allt verður að klisju. Það gerist á ógnarhraða. Umfjöllun á það til að steypast í fastákveðið mót. Nú eru steyptir svipaðir kreppukögglar úr sama kreppumótinu. Allt í lagi með það. Útlendingarnir hafa aldrei séð þetta áður, þótt við séum farin að geispa þegar enn ein kreppuklámmyndin dúkkar upp á netinu.

Svo ekki sé minnst á það að maður er orðinn dauðleiður á þessari kreppu af því það gerist ekki neitt. Hvenær dregur eiginlega til tíðinda? Hvenær gerist eitthvað? Á að hræra í kássunni á vægum hita þar til allt er gufað upp úr pottinum og allir eru búnir að gleyma eftir hverju er verið að bíða? Var ekki eitthvað verið að tauta um réttlæti, uppgjör og nýjan kúrs? Eða er það misminni? Nei sko, Sjallarnir komnir aftur með 33 prósent fylgi.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.30 AC Milan - Real Madrid, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15 Læknamiðstöðin** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25 Innlit/ Útlit** SKJÁREINN



▶ **21.40 Burn Notice** STÖÐ 2



▶ **21.50 Back To You** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Útsvar** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Frumskógar Goggi** (5:26)
**17.52 Kóngulóarbörnin í Sólarlaut**
**18.15 Skellibær** (7:26)
**18.25 Fréttaaukinn** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Aðalhlutverk: Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo og Tim Daly.
**21.00 Konur á rauðum sokkum** Heimildarmynd sem fjallar um hina íslensku rauðsokkahreyfingu er starfaði allan áttunda áratuginn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Njósnadeildin** (Spooks VII) (4:8) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Aðalhlutverk: Peter Firth, Richard Armitage og Hermione Norris.
**23.20 Dauðir rísa** (Waking The Dead V) (4:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Planet of the Apes**
**10.00 Little Man**
**12.00 Picture Perfect**
**14.00 Planet of the Apes**
**16.00 Little Man**
**18.00 Picture Perfect**
**20.00 Something New** Rómantísk gamanmynd með Simon Baker í einu aðalhlutverkanna.
**22.00 Ice Harvest**
**00.00 Eyes Wide Shut**
**02.35 Samaria**
**04.15 Ice Harvest**
**06.00 Little Miss Sunshine**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, afram!, Maularinn og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 In Treatment** (18:43)
**10.55 Hell's Kitchen**
**11.45 Smallville** (1:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Bowfinger**
**14.45 The Big Bang Theory** (14:17)
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Áfram Diego, afram! og Maularinn.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (9:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (15:23)
**19.45 Two and a Half Men** (13:24)
**20.10 Two and a Half Men** (12:24)
**20.30 The Big Bang Theory** (8:23) Gamanþáttur um gáfnaljósin Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar en eiga stöðugt í vandræðum með samskipti við annað fólk og þá sérstaklega af hinu kyninu.
**20.55 Chuck** (9:22) Chuck lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
▶**21.40 Burn Notice** (9:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir útí kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda. Hann reynir því nú að komast að því hverjir „brenndu“ hann og afhverju.
**22.25 The Unit** (1:11)
**23.10 Ástríður** (11:12)
**23.35 Back in the Day**
**01.15 Battle Royale**
**03.30 Bowfinger**
**05.05 Two and a Half Men** (12:24)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.00 F1. Við endamarkið** Gunnlaugur Rögnvaldsson og sérfræðingar skoða keppni helgarinnar gaumgæfilega.
**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**19.00 Meistaradeild Evrópu: Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
▶**19.30 AC Milan - Real Madrid** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**22.20 Man. Utd. - CSKA Moskva** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**00.10 Atl. Madird - Chelsea** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**02.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.10 Sunderland - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.50 Arsenal - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**19.00 Birmingham - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Fulham - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**23.15 Fulham - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.20 Lífsaugað** (7:10) (e)
**08.00 Dynasty** (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Lífsaugað** (7:10) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**17.30 Dynasty**
**18.20 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.
**19.05 King of Queens** (14:25) (e)
**19.30 Rules of Engagement** (6:15) (e)
**19.55 According to Jim** (11:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki.
▶**20.25 Innlit/ Útlit** (2:10) Ný, styttri og hraðari útgáfa af einum vinsælasta þætti SkjásEins frá upphafi. Nýr umsjónarmaður þáttarins er Katrín B. Fjeldsted innanhússarkitekt.
**20.55 Nýtt útlit** (5:10) Að þessu sinni hjálpar Kalli einstæðri þriggja barna móður sem kallar ekki allt ömmu sína.
**21.50 Fréttir** (e)
**22.05 Nurse Jackie** (3:12) Jackie og eiginmaður hennar hafa áhyggjur af kvíðaköstum 10 ára dóttur þeirra og í vinnunni sinnir Jackie gömlum manni sem telur að besta lækningin felist í súpu eiginkonunnar.
**22.35 United States of Tara** (3:12) Tara hefur áhyggjur af því að kynlífið með Max sé ekki nógu spennandi og óttast að hann hafi meiri áhuga á hinum persónunum hennar.
**23.10 The Jay Leno Show**
**00.00 CSI. New York** (8:25) (e)
**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Grímur Sæmundsen forstjóri Blá Lónsins er gestur Ingva Hrafns í dag.
**21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrku.
**21.30 Mannamál** Sjónvarpsmaðurinn og alþingismaðurinn Sigmundur Ernir Rúnarsson snýr aftur í sjónvarp með þátt sinn mannamál.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


• Skuggabankastjórn Markaðarins – hvað á Seðlabankinn að gera?
• Íslenska tölvuleikjasamkeppnin

**Markaðurinn**
Fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði
**Næsta blað kemur út á morgun**




FRÉTTABLAÐIÐ

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.25**

**The Unit**

Stöð 2 byrjar í kvöld að sýna þriðju þáttaröðina af Unit. Hér eru á ferðinni spennuþættir sem fjalla um störf leynilegrar úrvalssveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Konur á rauðum sokkum**

**Sjónvarpið kl. 20.55**

Heimildarmynd sem fjallar um hina íslensku rauðsokkahreyfingu er starfaði allan áttunda áratuginn. Hverjar voru þessar víðfrægu Rauðsokkur? Hvað gerðu þær og fyrir hvað stóðu þær? Hvað varð svo um þær? Höfundur myndarinnar er Halla Kristín Einarsdóttir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Söngvarar blárrar sveiflu
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Breiðstræti
**15.03** Útvarpssagan: Á eigin vegum
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**23.05** Sumar raddir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (26:26) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (1:25)
**17.30 Ally McBeal** (4:23) Ný þáttaröð um lögfræðinginn Ally McBeal. Loksins er farið að birta til í einkalífi Allyar og hún er komin með nýjan kærasta upp á arminn.
**18.15 Seinfeld** (17:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**18.45 Doctors** (26:26)
**19.15 Doctors** (1:25)
**19.45 Ally McBeal** (4:23)
**20.30 Seinfeld** (17:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶**21.50 Back To You** (9:17) Gamanþáttur um vinsælan og sjálfumglaðan fréttalesara og skrautlegt samband hans við barnsmóður sína og fyrrum kærustu sem vinnur með honum.
**22.15 Glee** (1:22) Gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja saman sönghóp.
**23.00 So You Think You Can Dance** (7:25) Dansæðið er hafið í sjötta sinn og hefur keppnin aldrei verið vinsælli.
**23.45 So You Think You Can Dance**
**00.30 Big Love** (8:10)
**01.20 Fangavaktin** (6:8)
**01.50 Sjáðu**
**02.20 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** My Hero **12.30** My Hero **13.00** Blackadder Goes Forth **13.30** My Family **14.00** My Hero **14.30** Never Better **15.05** The Weakest Link **15.50** Blackadder Goes Forth **16.20** My Family **16.50** My Hero **17.20** Never Better **17.50** EastEnders **18.20** The Weakest Link **19.05** After You've Gone **19.35** Coupling **20.05** No Heroics **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Spooks **21.50** After You've Gone **22.20** Extras **22.50** The Catherine Tate Show **23.20** Never Better **23.50** EastEnders

## DR 1

**12.00** Aftenshowet med Vejret **12.40** Sporlos **13.10** Landsbyhospitalet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Lille Nord **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** By på Skrump **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Hævet over mistanke **22.10** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **22.50** Truslen fra dybet **23.30** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Andre avenyen **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Frosken og venene **17.05** Molly Monster **17.15** Øisteins blyant **17.20** Tegneby **17.25** Milly og Molly **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Den leiken den ville han sjå **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Grønne hjerter **23.45** Norsk toppfotball råtner på rot

## SVT 1

**12.20** I regnskuggans land **13.15** Brott och straff **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Mitt i naturen **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Krönika Melodifestivalen 2009 **20.00** Andra Avenyn **20.45** Made in Yugoslavia **22.25** Kulturnyheterna **22.40** Livvakterna **23.40** Ett fall för Louise




Jóla hvað!

Pantaðu jólahlaðborð núna

Það er óhætt að lofa fjörugu jólahlaðborði í Súlnasal Hótel Sögu. Ríkulegt hlaðborðið býður upp á allt það girnilegasta í forréttum, aðalréttum og eftirréttum. Á meðan maturinn leikur við bragðlaukana kitla Laddi, Steinn Ármann og Hjörtur Howser hláturtaugarnar með einstöku gríni og glensi. Eftir það verður erfitt að sitja kyrr því að skemmtidagskránni lokinni leikur hin frábæra hljómsveit Saga Class fyrir dansi.

*Dagsetningar: 20., 21., 27. og 28. nóvember og 4., 5., 11. og 12. desember.*





Matur, skemmtun og dans í Súlnasal

Í nóvember bjóðum við upp á sömu skemmtidagskrá og dansleik með 3ja rétta matseðli í stað jólahlaðborðs. Tilvalið fyrir smærri fyrirtæki og hópa til að gera sér glaðan dag.

*Dagsetningar: 6., 7., 13. og 14. nóvember.*

Borðapantanir á hotelsaga@hotelsaga.is

Sími: 525 9900 • www.hotelsaga.is.

Radisson SAS HOTEL SAGA, REYKJAVÍK

PIPAR • SÍA • 91723

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta alltaf á Margréti Maack í Popplandi – en hún spilar yfirleitt lög sem ég held mikið upp á. Annars geri ég oft playlista á gogoyoko eða grooveshark og þá spila ég allt milli himins og jarðar, fer eftir líðan hverju sinni.“*

Diljá Ámundadóttir, framleiðandi hjá CCP.

# Hetjudáð Fjölnis Þorgeirssonar á Animal Planet

„Þau höfðu víst séð þetta bæði á vefmiðlum og í fjölmiðlum og höfðu í kjölfarið samband við mig og vildu fá alla söguna. Þau ræddu einnig við Sigurbjörn Bárðarson og Sigga Sig og svo var gerður úr þessu sjónvarpsþáttur,“ segir kappinn Fjölnir Þorgeirsson, en sjónvarpsstöðin Animal Planet framleiddi þátt um björgunaraðgerðir Fjölnis þegar á annan tug hesta og knapa féllu niður um ís á Reykjavíkurtjörn. Fjölnir var á staðnum sem blaðamaður Hestafrétta og þótti honum björgunaraðgerðirnar ekki vera að bera árangur. Hann stökk því út í vatnið og tók stjórnina. Í þættinum er Fjölnir nefndur The Iceman, eða Ísmaðurinn, og hann sagður vera ástæðan fyrir því að ekki hafi farið verr. „Þetta var náttúrlega svaka ævintýri, bæði að hafa lent í þessu og að hafa verið á staðnum. Það var fullt af fólki sem hjálpaðist að þarna en ég tók kannski svolítið völdin og var þar af leiðandi gerður að einhvers konar hetju.“

Fjölnir segist hafa fengið þáttinn sendan til sín á mynddiski frá framleiðendunum og segir þáttinn vera ágæta afþreyingu. „Þetta var fínt hjá þeim, kannski full amerískt, en ágætur þáttur engu að síður. Það var samt ekki laust við að maður fengi smá aulahroll þegar maður horfði á þetta,“ segir Fjölnir sem ekki varð meint af volkinu í ískaldri tjörninni. „Nei, ég varð ekkert veikur eftir þetta.



**HETJA AÐ STÖRFUM** Fjölnir Þorgeirsson vakti heimsathygli þegar hann stökk út í kalda tjörnina og hóf björgunaraðgerðir. MYND/JENS EINARSSON

Ég varð hressari ef eitthvað er og fór beint heim og barnaði konuna.“

Hægt er að sjá þáttinn í heild sinni á vefsíðunni hestafrettir.is. **- sm**



**LÁRÉTT**
**2.** báru að, **6.** fæddi, **8.** belja, **9.** sigti, **11.** skóli, **12.** afhending, **14.** málum, **16.** samtök, **17.** siða, **18.** fálm, **20.** rykkorn, **21.** stefna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** jafningur, **3.** klafi, **4.** skordýr, **5.** sarg, **7.** andvana, **10.** írafár, **13.** maka, **15.** merki, **16.** ái, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** komu, **6.** ól, **8.** kýr, **9.** sía, **11.** fg, **12.** afsal, **14.** litum, **16.** aa, **17.** aga, **18.** fum, **20.** ar, **21.** ismi.

**LÓÐRÉTT: 1.** sósa, **3.** ok, **4.** mýfluga, **5.** urg, **7.** líflaus, **10.** asi, **13.** ata, **15.** mark, **16.** afi, **19.** mm.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Evrópski fjárfestingarbankinn.
2. Njarðvík (UMFN).
3. Óskar Guðmundsson.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

KATRÍN HALL: „SHAKIRA ER FAGMANNESKJA FRAM Í FINGURGÓMA“

# SAMDI DANS FYRIR SHAKIRU

„Það var mjög skemmtilegt að fá að dýfa litlu tánni í þennan ótrúlega iðnað í Hollywood,“ segir danshöfundurinn Katrín Hall, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins.

Katrín samdi dansinn í nýjasta tónlistarmyndbandi Shakiru, við lagið Did it Again. Myndbandinu var leikstýrt af Sophie Muller, sem hefur unnið með mörgum af vinsælustu tónlistarmönnum heims, og var frumsýnt í þýska sjónvarpsþættinum Neu síðasta föstudag og fór í kjölfarið í spilun um allan heim. Þá hefur myndbandið verið spilað meira en 220.000 sinnum á Youtube. Shakira vildi sjálf fá Katrínu í verkefnið, en hún var hrifin af dansinum í stuttmyndinni Burst eftir Katrínu og Reyni Lyngdal. Katrín ber Shakiru söguna vel og segir hana vera mjög metnaðarfulla. „Hún er fagmanneskja fram í fingurgóma og veit hvað hún vill,“ segir Katrín og bætir við að það sé virðingarvert að söngkonan reyni að stýra framhjá klisjum í myndbandinu. „Hún blandar saman listformum og menningarheimum. Þarna eru til dæmis kóreskar konur á ásláttarhljóðfærum og svo sækir hún danshöfund frá Íslandi. Hún á allan heiðurinn skilinn fyrir sína viðleitni að fara ótroðnar slóðir.“

Did it Again er önnur smáskífan af nýjustu plötu Shakiru, She Wolf, sem kom út í október. Platan hefur selst í meira en 600.000 eintökum frá því hún kom út og titillag plötunnar fór hátt á vinsældalistum um allan heim. Myndbandið er sjóðandi heitt og dansinn fer að miklu leyti fram á rúmi inni í dimmu svefnherbergi. Dansarinn Daniel Cloud Como túlkar elskhuga Shakiru í myndbandinu, en hann hefur meðal annars dansað í tónleikaferðalögum Madonnu. „Hann er ótrúlega góður dansari,“ segir Katrín. „Við vorum mjög heppin að fá hann. Kemistríán á milli þeirra virkaði og þetta var mjög skemmtileg reynsla.“

Æfingar fyrir myndbandið fóru fram í New York, en þar fékk Katrín tvo daga með Shakiru og Daniel. Tökur á myndbandinu fóru svo fram í Los Angeles og umfangið var samkvæmt því. „Þetta var nánast eins og bíómynd,“ segir hún. „Það komu svo margir að gerð þessa stutta myndbands – hundruð manna og stúdíóið sem það var tekið upp í var risastórt og leikmyndin smíðuð frá grunni. Þetta var ótrúlegt.“ **atlifannar@frettabladid.is**



**ÚTBREITT MYNDBAND** Katrín Hall samdi dans í nýjasta myndbandi Shakiru. Myndbandið var frumsýnt á föstudag og hefur þegar fengið 220.000 áhorf á Youtube. MYND/JÓNATAN



**VINSÆL** Shakira er ein skærasta poppstjarna heims.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Íslenska landsliðið í handbolta dvaldi hér á landi um helgina við æfingar og lék einn leik við Pressuliðið. Silfurdrengirnir ákváðu að gera sér glaðan dag á föstudaginn og breyta aðeins út af venjunni. Blásið var til fótboltamóts í Kórnum og fóru landsliðsmennirnir með þá Snorra Stein og Róbert Gunnarsson fremsta í flokki í Jóa útherja og fengu sér alklæðnað. Silfurliðinu var síðan skipt í fjögur lið og var sjálfur Kristinn Jakobsson fenginn til að dæma leikina. **Logi Ólafsson** var síðan á hliðarlínunni og þar sem flestir leikmennirnir vildu vera útileikmenn var brugðið á það ráð að fá meðal annars leikmenn á borð við Kristin Finnbogason til að standa á milli stanganna. Einn Silfurdrengjanna var þó með markmannshanska, Róbert Gunnarsson, en hann þótti bera af í markinu.



Í knattspyrnuversluninni Jóa útherja voru keyptar inn nokkrar Monaco-treyjur þegar **Eiður Smári Guðjohnsen** samdi við liðið. Hins vegar hafa ákaflega fáir fjárfest í liðstreyju furstadæmisins og hefur verið haft á orði í versluninni að væntanlega muni hún ekkert seljast fyrr en Eiður skorar mark.



Leið hins massaða **Gasmans** hefur legið upp á við síðan hann hnyklaði vöðvana og barði bumbur með Merzedes Club. Nú má sjá beljakann sýna stórleik í Fangavaktinni og að auki er fyrsta lagið með listamanninum komið út. Það heitir Girls only dream of me og er æsandi R&B sem Gasman syngur lostafullri röddu. Hann samdi textann sjálfur en Valdimar Kristjónsson, Valdi í Jeff Who?, samdi lagið.

- fgg, drg

Smáauglýsingar Fréttablaðsins eru einnig á visir.is



FRÉTTABLAÐIÐ
visir.is
„...ég sá það á vísi“

# Strákarnir sæddu ekki kúna

„Ég fór fram úr mér með því að segja að við hefðum sætt kúna. Ég held að enginn heilbrigður bóndi myndi hafa leyft mönnum eins og mér og Audda að sæða kú.

Við Auðunn vorum að sjálfsögðu aðeins hjálparhellur í þessu mikla ferli. Við vorum auðvitað með í að sæða kú. En framkvæmdum ekki athöfnina sjálfa,“ segir Sverrir Þór Sverrisson sjónvarpsmaður.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að þeir félagar hefðu sætt kú fyrir sjónvarpsþátt sinn, Strákarnir. Fréttin vakti hörð viðbrögð. Sverrir viðurkennir að hann hafi ýkt þetta.

Hið rétta í málinu sé að þeir hafi hreinsað út úr endaþarmi kýrinnar eins og lög gera ráð fyrir. „Já, sko, við vorum náttúrlega þarna þrír. Ég, Auðunn og svo sérstakur sáðmaður. Mér fannst í raun magnaðast að sjá hversu mikil vinna er lögð í þetta og hvað það er vandað vel til verks.“

Formaður Dýralæknafélagsins, Guðbjörg Þorvarðardóttir, var harðorð í garð athæfisins þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Hún sagði það skipta litlu máli hvort strákarnir hefðu sætt kúna eða ekki. Guðbjörg vonaðist til að umrætt atriði yrði ekki sýnt en Sverrir Þór og félagar ætla ekki að verða við þeirri bón. „Nei, að sjálfsögðu munum við sýna þetta atriði, við teljum að þarna sé ekki verið að niðurlægja dýrið heldur einfaldlega verið að sýna hvernig svona er gert.“ **- fgg**



**ENGIN SÆÐING** Strákarnir tveir, Auðunn Blöndal og Sverrir Þór, höfðu ekkert með sæðingu kýrinnar að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ÖLL VERÐ ERU BESTU VERÐ
á Lagersölunni Dalvegi 16b
Blöndunartæki
Vaskar
Sturtuhausar
Speglar
Handklæðaslár
o.fl.
Elhúsvaskur m/borði
VERÐ 10.000 KR.
Sturtusett
VERÐ 4.900 KR.
VERÐ FRÁ 15.900 KR.
Hitastýrð blöndunartæki – bað og sturta
Baðvaskur
VERÐ 3.900 KR.
ALLT SETTIÐ
VERÐ 32.900 KR.
KEMUR AFTUR Í VIKUNNI
Hitastýrt blöndunartæki fyrir sturtu
VERÐ FRÁ 10.000 KR.
Eldhúss- og baðblöndunartæki frá 4.900 kr.
STURTUHAUS 21CM
VERÐ 9.900 KR.
VERÐ 5.400 KR.
Baðtæki
VERÐ 1.000 KR.
Sturtubarki - 1,5m
VERÐ 1.200 KR.
Handsturtuhaus
VERÐ 1.990 KR.
Handsturtuhaus
Blöndunartæki fyrir sturtu
VERÐ FRÁ 2.000 KR.
Eldhússtæki
VERÐ 10.000 KR.
Baðtæki
VERÐ 8.000 KR.
VERÐ 10.000 KR.
VERÐ 12.000 KR.
Eldhúss- og hitastýrð blöndunartæki komin aftur. Sama frábæra verðið!
GERIÐ VERÐSAMANBURÐ!
LAGERSALAN – Dalvegi 16b, Kópavogi.
Opið virka daga 12-17 og laugardaga 10-14. S. 555 6275

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Saga Capital

Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.
Sími 545 2600 | sagacapital.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sækir fram í borginni

Guðlaugur G. Sverrisson, framsóknarmaður og stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, er nú sagður stefna á að taka annað sætið á lista flokks síns fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Í fyrsta sæti verði vinur hans, Óskar Bergsson. Þetta er talsvert stökk hjá Guðlaugi, úr fjórtánda sætinu. Hann er reyndar stórum stökkum vanur, því hann sat í sama fjórtánda sætinu þegar hann var skipaður formaður stjórnar stærsta fyrirtækis borgarinnar.

### Feðgar á tónleikum



Tónlistarmaðurinn **Stefán Hilmarsson** brá undir sig betri fætinum á dögunum þegar hann skellti sér á tónleika með hljómsveitinni Muse í Parken í Kaupmannahöfn. Með í för var sonur Stefáns sem ku vera mikill aðdáandi hljómsveitarinnar. Auk þess munu einhverjir félagar söngvarans hafa slegist með í för. Þeirra á meðal var Gunnlaugur Jónsson, þjálfari karlaliðs Vals í knattspyrnu. Stefán er sem kunnugt er mikill stuðningsmaður Vals en þeir Gunnlaugur lögðu auk þess stund á nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands á sama tíma.

### Bæjarfulltrúi eldar



***Rósa Guðbjartsdóttir***, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, ætlar að blanda sér í jólabókaflóðið í ár. Rósa gefur út matreiðslubókina „Eldað af lífi og sál“ þar sem hún hyggst bjóða lesendum upp á uppskriftir sem henta fjölskyldufólki í dagsins önn. Bæjarfulltrúinn hefur skrifað í tímaritið Gestgjafann um langa hríð og er því þrautreynd á þessu sviði. Matreiðslubókin kemur út undir merkjum Bókaforlagsins, sem ***Jónas Sigurgeirsson***, eiginmaður hennar, rekur.



- hdm

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Krefst rannsóknar á kúasæðingu Audda
2. Árásarkonan í Keflavík áfram í gæsluvarðhaldi
3. Farþeginn hvarf úr aftursæti flugvélar
4. Krefjast lögbanns á Bónus
5. Gengi krónunnar styrkist


VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“




**PROFLEX**
Mest selda stillanlega rúmið hjá Svefn & heilsu
Einföld og þægileg stýring, mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði

**Nýr Wallhugger**
með IQ-CARE heilsudýnu
Wallhugger er framleitt af Leggett & Platt sem er stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum

**S-CAPE**
WALLHUGGER
Sá besti frá Leggett
Þráðlaus fjarstýring, sér stilling fyrir höfuðlag, nudd, sterkur stálgrindarbotn og margt fleira.



**Svefnsófar**
**Íslensk framleiðsla**



Íslensku svefnsófarnir okkar eru framleiddir hjá GÁ húsgögnum. Hægt er að velja úr mörgum litum.

Svefnsófinn er lengri en hefðbundnir svefnsófar. Svefnflöturinn er 140x200 sm. Mjög góð dýna úr Visco þrýstijöfnunarefni er í svefnsófanum. Svefnsófinn er með mjög sterka stálgrind sem auðvelt er að opna.

**Kynningarverðið er kr. 299.900.-**

Söluaðili fyrir Íslenskar sængur og koddar frá
DÚN & FIÐUR



Söluaðili fyrir
IRobot



Hreinasta snilld
hreint og betra loft




Svefn & heilsa ★★★★★
6 mán. vaxtalausar greiðslur




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is